



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 13/2008

**Um skilmála innanlandsreikis fyrir farsímaþjónustu
Símans.**

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Einstök álitaefni	7
2.1	Tilgangur viðmiðunartilboðs og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar	7
2.1.1	Sjónarmið Símans	7
2.1.2	Niðurstaða Póst- og Fjarskiptastofnunar.....	8
2.2	Er heimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá kvöð um reikiaðgang?.....	9
2.2.1	Sjónarmið Símans	10
2.2.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	11
2.2.3	Takmarkanir sem leiða af tíðniheimildum annarra fjarskiptafyrirtækja	13
2.3	Innanlandsreiki samanborið við alþjóðlega reikisamninga	14
2.3.1	Athugasemdir IMC Íslands ehf.....	14
2.3.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	14
3	Einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins.....	16
3.1	Grein 1.2 Markmið	16
3.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	16
3.1.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	17
3.2	Grein 1.4. Þjónusta sem fólgin er í samningnum	17
3.2.1	Athugasemdir hagsmunaðila.....	17
3.2.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	18
3.3	Grein 1.9. Aðgangur að farsímastöðvum viðsemjanda	18
3.3.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	18
3.3.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	18
3.4	Grein 2.1. Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda	18
3.4.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	19
3.4.2	Sjónarmið Símans	19
3.4.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	19
3.5	Grein 2.3. Tilkynningar vegna bilana	21
3.5.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	21
3.5.2	Sjónarmið Símans	21
3.5.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	21
3.6	Grein 2.5. Takmörkun umferðar.....	21
3.6.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	21
3.6.2	Sjónarmið Símans	21

3.6.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	21
3.7	Grein 2.6. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila.....	22
3.7.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	22
3.7.2	Sjónarmið Símans	22
3.7.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	22
3.8	Grein 2.8. Þagnarskylda o.fl.....	23
3.8.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	23
3.8.2	Sjónarmið Símans	23
3.8.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	23
3.9	Grein 3.1. Reikisvæði Símans.....	23
3.9.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	23
3.9.2	Sjónarmið Símans	24
3.9.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	24
3.10	Grein 3.3. Breytingar á farsímaneti viðsemjanda.....	24
3.10.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	25
3.10.2	Sjónarmið Símans	25
3.10.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	27
3.11	Grein 3.4. Færanlegar-/bráðabirgðastöðvar	31
3.11.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	31
3.11.2	Sjónarmið Símans	31
3.11.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	31
3.12	Grein 4.1.3. Verðbreytingar.....	32
3.12.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	32
3.12.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	32
3.13	Grein 4.1.4. Greiðsluábyrgð.....	33
3.13.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	33
3.13.2	Sjónarmið Símans	33
3.13.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	34
3.14	Grein 6.1 Tilkynning um vanefndir	34
3.14.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	34
3.14.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	34
3.15	Grein 6.2 Riftun	34
3.15.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	35
3.15.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	35
3.16	Grein 6.3. Skaðabætur.....	35
3.16.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	35
3.16.2	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	35

3.17	Grein 7 Lögsaga og lausn ágreiningsmála.....	36
3.17.1	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	36
3.18	Grein 8 Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings.....	37
3.18.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	37
3.18.2	Sjónarmið Símans	37
3.18.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	37
4	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðauka viðmiðunartilboðsins	39
4.1	Viðauki 1 grein 2 Verð fyrir aðgengi að landsbyggðarreikisvæði Símans.....	39
4.1.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	40
4.1.2	Sjónarmið Símans um verðlagningu fyrir reiki	41
4.1.3	Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 28. apríl 2008	42
4.1.4	Nánar um forsendur verðlagningar Símans.....	45
4.1.5	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	46
4.2	Önnur ákvæði í viðauka 1.....	51
4.3	4 GPRS/EDGE reiki	51
4.3.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	51
4.3.2	Sjónarmið Símans	52
4.3.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	52
4.4	Viðauki 2. Tæknileg útfærsla reikis.....	53
4.4.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	53
4.4.2	Sjónarmið Símans	53
4.4.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	53
4.5	Viðauka 3. Listi yfir farsímastöðvar á reikisvæði	54
4.5.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	54
4.5.2	Sjónarmið Símans	54
4.5.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	54
4.6	Viðauki 6. Áætlanir	54
4.6.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	55
4.6.2	Sjónarmið Símans	55
4.6.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	55
4.7	Viðauki 10. Reiki á farsímastöðvum settum upp fyrir Fjarskiptasjóð.....	56
4.7.1	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja	56
4.7.2	Sjónarmið Símans	57
4.7.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar	57

1 Inngangur

Þann 16. október 2007 birti Síminn hf. kt. 500269-6779, (hér eftir Síminn) viðmiðunartilboð um landsbyggðarreiki (hér eftir viðmiðunartilboð). Viðmiðunartilboðið er hluti af þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 4/2007, dags. 5. febrúar 2007,¹ um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum.

Með lögum nr. 81/2003 voru innleiddar fjórar tilskipanir um fjarskipti² og ein tilskipun um persónuvernd í fjarskiptum³. Löggjöfinni er ætlað að skapa einsleit starfsskilyrði fyrir fjarskiptafyrirtæki í Evrópu, takmarka hindranir og skapa skilyrði fyrir sjálfbæra samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur. Jafnframt leggur hún þær skyldur á Póst- og fjarskiptastofnun að skilgreina ákveðna fjarskiptamarkaði eftir vöru- og þjónustutegundum og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun skylt að greina þessa skilgreindu markaði og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að á viðkomandi markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að eitt eða fleiri fyrirtæki eru með umtalsverðan markaðsstyrk ber stofnuninni að útnefna þau með umtalsverðan markaðsstyrk og leggja á þau viðeigandi kvaðir. Póst- og fjarskiptastofnun ber að leggja a.m.k. eina kvöð á fyrirtæki sem hefur verið útnefnt. Hafi fyrirtækið áður verið útnefnt skv. eldri fjarskiptalögum skal PFS endurskoða þær kvaðir sem lagðar hafa verið á og ákveða hvort þeim verði viðhaldið, breytt eða þær felldar niður.

Ein af meginniðurstöðum Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 var að Síminn væri með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.⁴

Helstu ástæður þess að samkeppni var ekki talin nægjanlega virk voru að engir sjálfstæðir þjónustuaðilar eða sýndarnetsfyrirtæki væru starfandi á GSM farsímamarkaði, illa hafi gengið fyrir nýja aðila að fá lögbundin aðgang að fjarskiptaneti, verðvitund og hreyfanleiki notenda lítill, að samkeppni á GSM farsímamarkaði geti orðið mun virkari ef skapaðar yrðu betri aðstæður fyrir þjónustusamkeppni, uppbygging á nýju fjarskiptaneti feli í sér mikinn

¹ Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. úrskurður nefndarinnar nr. 2/2007, dags. 3. júlí 2007.

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að, og samtengingu við, fjarskiptanet og aðstöðu sem þeim tengist (aðgangs- og samtengingartilskipun). Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (heimildartilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan ramma stjórnsýslu um fjarskiptanet og þjónustu (rammatilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (alþjónustutilskipun).

³ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónulegra upplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (persónuverndartilskipun).

⁴ Sjá nánar t.d. kafla 6.2.1.2 Niðurstöður um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Viðauka A með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

fjárfestingarkostnað, kvöð um innanlandsreiki veiti nýjum aðilum möguleika á að bjóða farsímaþjónustu með næga útbreiðslu án þess að þurfa að byggja upp landsdekkandi farsímanet. Slíkt aðgangsför dragi þar með úr beinum aðgangshindrunum að markaði og hvetji mögulega þjónustuaðila til aukinna fjárfestinga. (Sjá nánar kafla 7.3.2. og 7.4.1.1 í viðauka A með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15.).

Eftirfarandi kvaðir voru lagðar á Síminn á grundvelli ofangreindrar ákvörðunar og í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga:

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð um að veita aðgang að GSM farsímaneti og þjónustu á heildsölustigi. Síminn skal verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um: Innanlandsreiki, samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu og sýndarnetsaðgang. Kvöð um jafnræði með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga. Kvöð um gagnsæi með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga og kvöð um eftirlit með gjaldskrá með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga.

Sú kvöð sem hér er til umfjöllunar snýr að skyldu Símans til að bjóða upp á innanlandsreiki sbr. e. liður 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga og einnig kvöð um gagnsæi samkvæmt 29. gr. sem snýr að birtingu viðmiðunartilboðs fyrir innanlandsreiki.

Síminn birti viðmiðunartilboð sitt um innanlandsreiki þann 16. október 2007. Með bréfi dags. 18. október var fjarskiptafyrirtækjum sem fengið höfðu úthlutað tíðnum til reksturs farsímanets sent afrit af viðmiðunartilboðinu og óskað eftir afstöðu þeirra til viðmiðunartilboðsins.

Alls bárust Póst- og fjarskiptastofnun athugasemdir frá 4 fyrirtækjum. Frá LM lögmönnum fyrir hönd IMC Ísland. Sameiginlegar athugasemdir voru gerðar fyrir hönd Og fjarskipta ehf. og Ódýra símafélagsins ehf. Frá Lex lögmansstofu fyrir hönd Nova og frá Amitelo Iceland ehf. Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 15. nóvember 2007 voru athugasemdir fyrirtækjanna sendar til Símans og fyrirtækinu gefinn kostur á að skila inn umsögn til stofnunarinnar um þau atriði viðmiðunartilboðsins sem gerðar voru athugasemdir við. Svar Símans barst með bréfi, dags. 4. febrúar 2008. Með bréfi, dags. 28. apríl 2008, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun m.a eftir forsendum og útreikningum Símans á þeirri gjaldskrá sem birt er í viðmiðunartilboðinu. Svar Símans barst með bréfi, dags. 23. júní s.l. sbr. kafla 4. í ákvörðun þessari.

Með hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust sem og skýringum Símans verður umfjöllun stofnunarinnar skipt niður á eftirfarandi hátt:

Í kafla tvö verða eftirfarandi álitæfni tekin fyrir. Í fyrsta lagi verður umfjöllun um tilgang viðmiðunartilboðs og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að gera á því breytingar. Í öðru lagi verður umfjöllun um hvort Símanum sé heimilt að takmarka reikiaðgang með þeim hætti að undanskilja höfuðborgarsvæðið og svæðið það í kring frá kvöð um innanlandsreiki. Í þriðja lagi verður fjallað um innanlandsreiki samanborið við alþjóðleg reiki.

Í kafla 3. verður umfjöllun um einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins og að lokum verður í kafla 4 gerð grein fyrir viðaukum viðmiðunartilboðsins þ.m.t. gjaldskrá Símans fyrir reiknaðgang.

2 Einstök álitafni

2.1 Tilgangur viðmiðunartilboðs og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar

2.1.1 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans kemur fram það sjónarmið að ekki hafi verið ástæða til þess að stofnunin óskaði sérstaklega eftir því að fyrirtæki á markaði tjáðu sig efnislega um efni viðmiðunartilboðsins. Rök Símans eru m.a. að við vinnslu viðmiðunartilboðsins, eftir að ákvörðun um fjarskiptamarkað 15 lá fyrir og síðar úrskurður úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál, hafi Síminn átt í samningaviðræðum við Nova ehf. sem hafi fengið úthlutað tíðnum til uppbyggingar á þriðju kynslóðar farsímakerfi (3G). Síminn hafi gefið verulega eftir af sínum kröfum frá upphaflegum samningsdrögum og telur að Nova hafi náð verulegum árangri í samningaviðræðum. Viðmiðunartilboð Símans sé því í raun niðurstaða af samningaviðræðum Símans og Nova í frjálsum viðskiptasamningum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga og ákvörðun á markaði 15 um að láta fjarskiptafyrirtæki semja um reiknaðgang sín á milli í frjálsum viðskiptasamningum. Um þá bókun sem fylgdi samningnum um fyrirvara varðandi verðlagningu sé það staðreynd að verðlagning fyrir reiki sé byggð á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu.

Með hliðsjón af því að um sé að ræða viðmiðunartilboð sem byggir á því sem samkomulag hafi náðst um í frjálsum samningum telur Síminn að sérstakt eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með viðmiðunartilboðinu í heild sinni sé óþarft og gangi gegn tilvitnuðu ákvæði 2. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga og ákvörðun á markaði 15 þar sem Póst- og fjarskiptastofnun ákvað að láta markaðsaðilum eftir að semja um reiknaðgang. Telur Síminn að það fari gegn þeirri ákvörðun að stofnunin hafi frumkvæði að því að skora á farsímafyrirtæki að gera athugasemdir við viðmiðunartilboðið um leið og það var birt. Telur Síminn að með því hafi stofnunin í raun tekið samningsfrelsið af farsímafyrirtækjum án þess að fullnægjandi ástæður hafi legið því til grundvallar.

Í niðurlagi athugasemda Símans segir fyrirtækið eftirfarandi:

„Eins og að framan er rakið telur Síminn afskipti PFS að viðmiðunartilboði um landsbyggðarreiki óþarft. Í ákvörðun um fjarskiptamarkað 15 var ákveðið að láta fjarskiptafyrirtækjum eftir að semja um skilmála reiknaðgangs. Er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga. Síminn telur ekki sýnt að PFS þurfi nú þegar að hverfa frá fyrri ákvörðun um að láta farsímafyrirtækjum eftir að semja um reiknaðgang.“

Viðmiðunartilboðið sem og þau verð sem samið var um (*innsk. PFS hér er væntanlega verið að vísa í samning Nova*) telur fyrirtækið að það sé sanngjarn og þá sérstaklega þegar litið er til kostnaðar sem til fellur við að halda út farsímakerfi í mesta dreifbýlinu og þess kostnaðar sem sparast fyrir nýja aðila á markaði sem geta fengið aðgang að landsdekkandi farsímakerfi með litlum tilkostnaði.

2.1.2 Niðurstaða Póst- og Fjarskiptastofnunar

Ein af þeim kvöðum sem lagðar voru á Símann var kvöð um gagnsæi, en skv. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga getur Póst- og fjarskiptastofnun skyldað fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til að birta opinberlega ákveðnar upplýsingar til að auka gagnsæi samtengingar eða aðgangs að aðstöðu fjarskiptafyrirtækis, t.d. bókhaldsupplýsingar, tæknilýsingar, upplýsingar um einkenni neta, skilmála, skilyrði fyrir afhendingu og notkun og verðskrá.

Í 2. mgr. 29. gr. segir að þegar fjarskiptafyrirtæki er gert að gæta jafnræðis geti Póst- og fjarskiptastofnun skyldað það til að gefa út viðmiðunartilboð sem innihaldi sundurliðaða lýsingu á samtengingu eða aðgangi, ásamt skilmálum og skilyrðum þ.á.m. gjaldskrá. Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði og er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni þeirra.

Birting viðmiðunartilboðs gefur öllum markaðsaðilum kost á að sjá hvað er í boði og tryggir m.a. að fyrirtæki verði ekki krafín um greiðslu fyrir þjónustu eða aðstöðu sem þeim er ekki nauðsynleg.

Tilgangur með birtingu viðmiðunartilboðs er m.a. sá að auðvelda fyrirtækjum að koma inn á markað ef fyrirsjáalegt er hvaða kjör eru í boði varðandi aðgang og þjónustu sem þau þurfa að kaupa og hver er grundvöllur verðlagningar og annarra skilmála.

Fyrir liggur að eitt fyrirtæki Nova hefur gert samning um reikiaðgang, dags. 12. október 2007 hjá Símanum sem byggir að öllu leyti á því viðmiðunartilboði sem Síminn birti þann 16. október 2007 og hér er til umfjöllunar. Ljóst er að samningur Nova um aðgang að reiki er ekki gerður með hliðsjón af þessum tilgangi þar sem samningur við fyrirtækið er gerður áður en tilboðið er birt opinberlega. Telja verður að fyrirtækið hafi þ.a.l. ekki getað nýtt sér kosti þess í viðræðum við Símann að hafa aðgang að fullmótuðu viðmiðunartilboði á samningaborðinu og síðan samið um aðgang á grundvelli þess. Þetta þýðir einnig að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki metið hvort tilboðið í þeirri mynd sem það var birt sé til þess fallið að auka samkeppni eða hvort það sé að öðru leyti í samræmi við þá aðgangskvöð sem lögð var á Símann. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er sú réttaróvissa sem skapast fyrir báða samningsaðila óheppileg. Póst- og fjarskiptastofnun mun því beina því til Símans í sambærilegum málum í framtíðinni þar sem áskilið er að fyrirtækið skuli birta viðmiðunartilboð, að tilboðið liggi að jafnaði fyrir áður en gengið verður til samninga á grundvelli þess.

Telja verður að Nova sé óbundið af þeim ákvæðum samningsins við Símann sem stofnunin gerir breytingar á með ákvörðun þessari og að þau uppgjör aðila sem fram hafa farið skuli miðast við ákvæði viðmiðunartilboðsins eins og það er eftir breytingar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Samhliða kvöð um innanlandreiki var einnig sett á kvöð um gangsæi en samkvæmt henni ber Símanum að birta viðmiðunartilboð um innanlands reiki. Tilgangur viðmiðunartilboðs er fyrst og fremst sá að vera grundvöllur undir þær samningaviðræður sem vísað er til í aðgangskvöðinni þar sem segir að Síminn skuli verða við öllum sanngjörnum og eðlilegum beiðnum um aðgang að netinu. Það er því misskilningur sem kemur fram af hálfu Símans í

umsögn fyrirtækisins, að tilurð viðmiðunartilboðsins ein og sér leiði til þess að ekki sé grundvöllur fyrir efnislegri umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar á ákvæðum tilboðsins. Í fyrsta lagi er Nova ekki samnefni allra farsímafyrirtækja á markaði og getur sem slíkt því ekki gætt hagsmuna þeirra þegar kemur að einstökum ákvæðum tilboðsins. Í öðru lagi er skýrt kveðið á um það í ákvörðun stofnunarinnar á markaði 15 að Póst- og fjarskiptastofnun beri að samþykkja viðmiðunartilboð Símans. Í því felst fyrst og fremst athugun á því að tilboðið sé í samræmi við þær kvaðir sem lagðar voru á Símans á markaði 15 og þjóni þeim markmiðum sem að var stefnt þ.e. að styrkja og auka samkeppni á markaði fyrir farsímapjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur því ekki fallist á þær athugasemdir Símans sem snúa að því að ekki sé ástæða til afskipta eða íhlutunar þar sem efni tilboðsins sé mótað í frjálsum samningarviðræðum á milli markaðsaðila. Síminn getur ekki valið eitt fyrirtæki úr og talið sig með því hafa samið við alla hagsmunaðila um grundvöll reikisamninga. Þvert á móti er það skylda stofnunarinnar að yfirfara viðmiðunartilboðið og taka rökstudda ákvörðun um að það sé í samræmi við álagða kvöð á markaði 15. Slík ákvörðun er að sjálfsgöðu kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála af öllum þeim aðilum sem hafa hagsmuna að gæta bæði Símanum sem og viðsemjendum þeirra ef aðilar telja að viðmiðunartilboðið, eins og það birtist, sé ekki í samræmi við álagðar kvaðir. Í því sambandi verður einnig að líta til þess að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur skýrt aðildarhugtakið rúmt og þar með rétt aðila til að koma að sínum sjónarmiðum, sbr. úrskurði nr. 15/2006 og 9/2007.

Eins og fram hefur komið óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir afstöðu fjarskiptafyrirtækja til þess viðmiðunartilboðs sem Síminn birti þann 16. október. s.l. Ástæða þess var einkum sú að stofnuninni ber skylda til að samþykkja viðmiðunartilboðið, sbr. ákvörðun, sbr.2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Til þess að stofnunin geti rækt þetta lögbundna hlutverk sitt var nauðsynlegt að fá fram sjónarmið hagsmunaðila, enda viðmiðunartilboðið sá samningsgrundvöllur sem fyrirtæki eiga að geta byggt samningaviðræður sínar við Símann á. Í þeim svörum sem bárust komu fram margvíslegar athugasemdir um efni viðmiðunartilboðsins. Telja verður að mikið hagræði sé fólgið í því fyrir stofnunina, sem og Símann og þau fyrirtæki sem koma til með að óska eftir reikisamningi á grundvelli viðmiðunartilboðs Símans, að búið sé að leysa úr sem flestum af þeim álitaeftum sem snúa að framsetningu viðmiðunartilboðsins, auk þeirra skilmála sem fyrirtækjunum ber að fara eftir.

Samkvæmt öllu framangreindu hafnar Póst- og fjarskiptastofnun því sjónarmiði Símans að með samkomulagi við Nova hafi með frjálsum samningum verið myndaður grundvöllur að efni reikisamninga við öll önnur fjarskiptafyrirtæki. Telur stofnunin að henni beri skylda til að gefa hagsmunadilum kost á að tjá sig um efni viðmiðunartilboðsins áður en en hún tekur afstöðu til þess, auk þess sem öll hagkvæmisrök hníga til þess.

2.2 Er heimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá kvöð um reikjaðgang?

Eitt af þeim atriðum sem fjarskiptafyrirtæki gerðu athugasemdir við var að samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 væri ekki heimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá skyldu til reikjaðgangs.

Í athugasemdum Vodafone er vikið að því að viðmiðunartilboð Símans sé takmarkað við reiki á landsbyggðinni og reiki á höfuðborgarsvæðinu þannig útilokað. Vodafone fái því ekki séð hvernig hægt er að fallast á að Símanum sé heimilt að takmarka tilboð sitt við reiki á landsbyggðinni þegar umrædd kvöð lagði skýrlega skyldu á Símann að bjóða innanlandsreiki án takmörkunar við ákveðin landssvæði. Einnig sé ljóst ef litið er til greiningar á markaði 15 að kvöð um aðgang fyrir innanlandsreiki geti ekki takmarkast við landsbyggðarreiki þar sem slík kvöð væri ekki fullnægjandi til þess að mæta þeim samkeppnisvandamálum sem fjallað er um í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar. Takmörkun á reikiskyldu við dreifbýli væri því ekki fullnægjandi fyrir smærri fyrirtæki sem freista þess að komast inn á farsímamarkaðinn og þurfi á reikiaðgangi að halda.

Öll þau fyrirtæki sem skiluðu inn umsögn um tilboð Símans gerðu athugasemdir við ofangreint ákvæði með hliðstæðum hætti og Vodafone gerir hér að ofan.

2.2.1 Sjónarmið Símans

Í bréfi Símans, dags. 4. febrúar 2008, gerir fyrirtækið grein fyrir í almennum athugasemdum þeim forsendum og þeim lagaákvæðum sem viðmiðunartilboðið byggir á með eftirfarandi hætti:

„Ákvörðun um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagninu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15), sækir lagastoð í 28. og 35. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, með síðari breytingum, hér eftir nefnd fjarskiptalög. Ákvæði 28. gr. fjarskiptalaga fjallar almennt um aðgang að netum og þjónustu. Ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga er sérákvæði um reikiaðgang. Í 1. og 2. mgr. ákvæðisins segir.

„Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva eða farsímanets, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðva og farsímanets eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, eða þegar nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs.“

Megininntakið í 35. gr. fjarskiptalaga samkvæmt framansögðu er því það að reikiaðgang skuli veita þegar það getur ekki talist arðvænleg fjárfesting að setja upp eigin senda eða vegna sérstaklega erfiðra aðstæðna að einhverju leyti. Þá er það grundvallar atriði að fjarskiptafyrirtæki semji um reikiaðgang, sbr. 2. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga.

Viðmiðunartilboð Símans um landsbyggðarreiki er byggt upp með hliðsjón af framansögðu. Höfuðborgarsvæðið sem er arðvænlegasta svæði landsins er því undanskilið reikiaðgangi. Þá gengur Síminn talsvert lengra en lögákvæðið er með því að bjóða reikiaðgang á mörgum af þeim svæðum þar sem ljóst er að arðvænlegt er að bjóða reikiþjónustu. Dæmi um það er Akureyri. Hafa verði í huga að ákveði fyrirtæki ekki að byggja upp eigið fjarskiptanet gefst því kostur á að fá sýndarnetsaðgang (MVNO) eða endursöluaðgang og gildir sá aðgangur að farsímakerfinu í heild.“

Síminn leggur sérstaka áherslu á það að við smíði á viðmiðunartilboðinu liggi margar forsendur til grundvallar. Telur fyrirtækið því mjög varhugavert að einstakar forsendur séu

teknar út og breyttar þar sem breyting á einni forsendu geti gert það að verkum að aðrar forsendur sem henni tengjast gangi ekki upp. Bendir fyrirtækið t.d. á að ef Póst- og fjarskiptastofnun telji að lágmarksgjald fyrir aðgang að reikipjónustu standist ekki eins og haldið sé fram í umsögnum farsímafyrirtækja sé nauðsynlegt að gera verðbreytingar á einingarverðum til viðsemjanda um reikipjónustu.

Eitt af meginmarkmiðum fjarskiptalöggjafar ESB sem hefur verið innleidd á Íslandi vegna skuldbindinga sem leiða af EES- samningnum er að auka hvata til fjárfestinga í fjarskiptanetum. Gangi Póst- og fjarskiptastofnun of hart fram í því að koma í veg fyrir að þeir sem fjárfesta í uppbyggingu fjarskiptaneta fái sanngjarnt endurgjald fyrir þá fjárfestingu dregur það úr hvata til fjárfestinga sem hefur slæmar afleiðingar fyrir framþróun fjarskiptamarkaðarins auk þjóðhagslegra afleiðinga. Vísast í þessu sambandi m.a. til 3. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, með síðari breytingum.

2.2.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í athugasemdum sínum telur Síminn að 35. gr. fjarskiptalaga leiði til þess að fyrirtækinu sé heimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá reikiaðgangi á þeim forsendum að um arðvænlegasta svæðið til reksturs farsímanets sé að ræða.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki fallist á að umrætt ákvæði feli í sér svo víðtæka takmörkun á reikiaðgangi. Bendir orðalag ákvæðisins til þess að líta verði til fleiri þátta heldur en fjárhagslegan grundvöll til uppbyggingar á eigin neti, t.d. *umfangs fjárfestingarinnar*, sem getur verið smærri aðilum ofviða eða þegar *nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni*.

Burtséð frá framgreindu þá byggir sú aðgangskvöð sem hvílir á Símanum ekki á 35. gr. fjarskiptalaga heldur á 28. gr. Í ákvörðun stofnunarinnar er eingöngu vísað til 28. gr. fjarskiptalaga þegar fjallað er um þær kvaðir sem heimilt er að leggja á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Í ákvörðun 15 var sérstaklega fjallað um þetta atriði í tölulíðum 79 og 80 í endurskoðuðum viðauka A með ákvörðun stofnunarinnar. Þar segir

„79. Fram hafa komið athugasemdir um að skipta landinu í reikisvæði og svæði þar sem ekki er reiki og einnig að afmarka markaðinn með þrengri hætti. PFS telur hins vegar ekki tilefni til þess, eins og stendur, að skipta viðkomandi markaði fyrir GSM farsímanet landfræðilega og hefur tekið þá afstöðu að landfræðileg afmörkun heildsölumarkaða fyrir aðgang og upphaf símtala, annars vegar í GSM farsímanet og hins vegar í NMT 450 farsímanet, sé landið allt.

80. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða PFS að viðkomandi tveir markaðir sem hér hafa verið skilgreindir ná til landsins alls.“

Ofangreint orðalag í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar verður ekki skilið á annan veg en að meginreglan sé sú að Síminn eigi að veita reikiaðgang á öllu landinu. Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 var einnig umfjöllun um hvort rétt væri að takmarka reikiaðgang skv. e. lið 2. mgr. 28. gr. með vísan til 3. mgr. 28. gr. þar sem fram kemur að stofnunin eigi að taka tillit til ákveðinna sjónarmiða við ákvörðun um að leggja á skyldur skv. 1. mgr. við það mat var helst horft til c.liðs 3. mgr. 28. gr. þar sem kveðið er á um að taka beri mið af því hvort það sé forsvaranlegt með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu eiganda

aðstöðunnar og áhættu sem tekin var með fjárfestingunni. Niðurstaðan varð sú að ekki væri rétt að takmarka þá skyldu sem lögð var á Símann um að verða við sanngjörnum og eðlilegum beiðnum um innanlandsreiki (sjá nánar greinar 343 og 344 í viðauka A). Ekki er því þörf á því að fjalla frekar um þær athugasemdir Símans sem lúta að 3. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga

Í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 er einnig umfjöllun um nógildandi 35. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um gagnkvæman rétt farsímafyrtækja til reikiaðgangs að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Umfjöllun stofnunarinnar snýr þó eingöngu að 4. mgr. 35. gr. sem kveður á um undanþágu frá reikiaðgangi. Um það segir í lið 342 í viðauka A

„Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að forsendur fyrir þeim skyldum sem felast í 28. gr. annars vegar og 35. gr. hins vegar eru mjög ólíkar. Þá er einnig mikilvægt í þessu sambandi að 35. gr. vísar ekki í 28. gr. á neinn hátt. Í 4. mgr. 35. gr. er einungis vísað til 3. mgr. sömu greinar. Að mati PFS hefði verið einfalt fyrir löggjafann að vísa einnig til 28. gr. hefði það verið vilji hans að láta þessa takmörkun í 4. mgr. 35. gr. einnig gilda við álagningu á skyldu skv. e. lið 2. mgr. 28. gr. Í ljósi framangreinds telur PFS ekki rétt að líta svo á að Símanum sé heimilt að bera fyrir sig undanþáguna í 4. mgr. 35. gr. þegar veittur er reikiaðgangur á grundvelli e. liðs 2.“

Eins og sjá má á ofangreindri tilvitnun var einungis vikið að 35. gr. með tilliti til þess hvort Símanum væri heimilt að undanskilja senda í tvö ár frá reikiaðgangi eftir að þeir hafa verið settir upp. Hafnaði stofnunin því, auk þess sem komist var að þeirri niðurstöðu að 35. gr. gangi ekki frammar 28. gr. sem byggir á markaðsgreiningu og álagningu kvaða á grundvelli hennar. Sú kvöð um reikiaðgang sem lögð var á Símann á grundvelli e. liðar 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga var því ákveðin rýmri en 35. gr. laganna kveður á um. Hefur þessi skilningur verið staðfestur af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála í ágreiningsmáli nr. 2/2007, dags. 3. júlí 2007.

Hvað varðar umfjöllun um 35. fjarskiptalaga að öðru leyti verður ekki horft fram hjá því að fyrir liggur frumvarp fyrir Alþingi þar sem ákvæðið er fellt brott. Kemur það til af því að Eftirlitsstofnun EFTA telur það ekki samrýmast fjarskiptaregluverki Evrópu, sbr. eftirfarandi athugasemdir sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, sjá þskj. 824— 523. mál.:

„Í ákvæði 35. gr. er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til þess að semja sín á milli um skilmála aðgangs að almennum farsímanetum annarra fjarskiptafyrirtækja hér á landi, svokallaða samninga um innanlandsreiki. Lagt er til að ákvæðið falli brott í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 28. september 2006. ESA lýsti yfir miklum efasemdum um að ákvæði 35. gr. stæðist gagnvart EES-samningnum og afleiddum gerðum hans, sérstaklega 4. mgr. 8. gr. og 12. gr. aðgangstilskipunar ESB nr. 2002/19/EB. Samkvæmt aðgangstilskipuninni er ekki unnt að leggja aðgangskvaðir á önnur fjarskiptafyrirtæki en þau sem tilnefnd hafa verið sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Ákvæði 28. gr. fjarskiptalaga fjallar um aðgangskvaðir sem unnt er að leggja á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Samkvæmt fjarskiptatilskipunum ESB er því ekki heimilt að leggja aðgangskvaðir á fyrirtæki sem ekki hefur verið tilnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Almennt ákvæði 24. gr. fjarskiptalaga um samtengingu neta, 25. gr. um samnýtingu aðstöðu o.fl. og ákvæði 26. gr.

um meðferð trúnaðarupplýsinga gilda um öll fjarskiptafyrirtæki. Ákvæði 27.–34. gr. laganna gilda aðeins um fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Í samræmi við ofangreint er ljóst að ákvæði 35. gr. leggur skyldur á fjarskiptafyrirtæki á Íslandi sem ekki á sér samsvörun í núgildandi fjarskiptaregluverki ESB og er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott.“

Með vísun í ofangreint eru felld út úr viðmiðunartilboðinu þau ákvæði sem takmarka reikiskyldu Símans við það svæði sem afmarkast af mynd í viðauka 3 með viðmiðunartilboðinu.

2.2.3 Takmarkanir sem leiða af tíðniheimildum annarra fjarskiptafyrirtækja

Réttindi farsímafyrirtækja takmarkast því eingöngu við skilyrði þeirra tíðniheimilda sem fyrirtækin hafa fengið úthlutað af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar. Af því leiðir að réttur til reikiaðgangs á neti Símans til að geta boðið upp á farsímaþjónustu um allt land og þar með skylda Símans til að verða við beiðnum farsímafyrirtækja um aðgang að farsímaneti fyrirtækisins takmarkast eingöngu af skilyrðum tíðniheimilda. Rétturinn þrengist því í réttu hlutfalli við þær útbreiðslukröfur sem fram koma í hverri heimild fyrir sig. Hvað varðar uppbyggingartíma og tímafresti sem settir eru í hverri heimild fyrir sig og hvenær fyrirtæki hafi uppfyllt skilyrði tíðniheimildarinnar er erfitt að gefa algilt svar í tengslum við yfirferð á viðmiðunartilboði Símans. Að mati stofnunarinnar verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig komi til ágreinings á milli Símans og viðsemjanda, í tengslum við gerð reikisamnings á grundvelli viðmiðunartilboðsins. Meginregluna má því orða á þann hátt að reikiaðgangur þrengist í réttu hlutfalli við útbreiðslukröfur í tíðniheimildum.

Aðstæður þeirra fyrirtækja sem fengið hafa úthlutað tíðniþyfi og reka farsímanet hér á landi er mjög mismunandi þegar kemur að þörf fyrirtækjanna fyrir aðgang að farsímaneti Símans, þannig hefur Vodafone verið í núverandi mynd á markaðnum síðan árið 2004, og fyrirrennarar þess fyrirtækis frá árinu 1998. IMC Ísland fékk útgefið leyfi til farsímareksturs árið 2000 og hefur sett upp nokkra senda. Amitelo hefur ekki ráðist í uppbyggingu farsímanets ennþá. Nova hóf rekstur í desember 2007 og hefur byggt upp 3G net á höfuðborgarsvæðinu og áætlað frekari uppbyggingu á næstu árum. Ef litið er yfir þennan hóp þá er ljóst að hagsmunir þessara fyrirtækja fara ekki saman þegar kemur að umfangi þess aðgangs sem fyrirtækin þarfnast þegar kemur að reikisamningum.

Tíðniheimildir teljast til opinbera upplýsinga sem eru almenningi og fyrirtækjum aðgengilegar. Á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar er unnt að nálgast yfirlit yfir allar tíðniheimildir sem gefnar hafa verið út fyrir almenna fjarskiptaþjónustu. Má því með einföldum hætti nálgast upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar til einstakra tíðnirétthafa s.s. til útbreiðslu og uppbyggingar á eigin neti. Ef Síminn telur að hagsmunum sínum sé best borgið með því að takmarka reikiaðgang einstakra fyrirtækja með einhverjum hætti er fyrirtækinu einungis heimilt að gera það með vísun í tíðniheimild fyrirtækisins þar sem kveðið er á um útbreiðslu og uppbyggingarskyldu og/eða að viðsemjandi hafi yfir að ráða eigin farsímaneti á því svæði sem óskað er eftir reikiaðgangi. Um hvað telst vera eigið farsímanet, þ.e. skilinn á milli heimanets og reikisvæðis vísast til kafla 3.10.

2.3 Innanlandsreiki samanborið við alþjóðlega reikisamninga

2.3.1 Athugasemdir IMC Íslands ehf.

Í athugasemdum IMC Íslands ehf. kemur m.a. fram að fyrirtækið telur framkomið viðmiðunartilboð Símans, bæði einstakir hlutar þess og það í heild sinni, svo fjarri lagi að það geti vart talist vera í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15, tilboðið sé í raun marklaust og tilgangslaust að gera athugasemdir við einstök ákvæði þess eða uppsetningu.

Í athugasemdunum er síðan gerð grein fyrir þeim þremur leiðum um aðgang sem fyrirtækið telur í samræmi við ofangreinda ákvörðun.

Um alþjóðlegt reiki segir eftirfarandi:

„Algengasta form og fyrirkomulag þess að deila neti á þráðlausa fjarskiptamarkaðinum er alþjóðlega GSM (e. Global System for Mobile Communications) reikisamningsformið (International GSM Roaming Agreement), þar sem fjarskiptakerfi ákveða að þjóna viðskiptavinum hvers annars á gagnkvæman hátt ásamt því að gera upp milli sín kröfur vegna afnota viðskiptavina á fjarskiptanetum hvers annars með notkun á fjárhagslegum uppgjörskerfum sem byggja á vinnslu tæknilegra upplýsinga sem verða til við notkun kerfanna. Nokkur helstu lykilatriði framangreindra alþjóðlegra reikisamninga eru:

- a. Engin föst gjöld, gjöld falla til þegar notendur reika inn á net viðsemjanda.*
- b. Birt gjaldskrá er notuð (Published Inter-Operator Tariffs („IOT's“)) án mismunar og afslættir veittir frá henni á grundvelli magns.*
- c. Uppgjör reikninga fer fram með gagnavinnslu/gagnamiðlun um notkun og fjárhagslegu uppgjöri milli samningsaðila (e. data clearing and financial settlement).“*

Telur fyrirtækið að framangreint form sé vel hægt að nota hér á landi. Í athugasemdunum er einnig gerð grein fyrir endursölu og MVNO aðgangi, þar sem umfjöllun um þessi form aðgangs falla utan við umfjöllunarefni þessarar ákvörðunar verður ekki gerð sérstaklega grein fyrir þeim hér. Síminn birti þann 1. júní 2008 viðmiðunartilboð fyrir þessi aðgangsform. Póst- og fjarskiptastofnun mun yfirfara tilboðin og í framhaldi af því verður tekin rökstudd og kæránleg ákvörðun um hvort tilboðin eins og þau voru birt af hálfu Símans séu í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15.

2.3.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Vegna athugasemda IMC þykir rétt að fara nokkrum orðum um alþjóðlega reikisamninga í samanburði við innlenda reikisamninga.

Ef litið er til alþjóðlegra reikisamninga sem vísað er til í umsögn IMC þá má sjá að alþjóðlegir reikisamningar eru í reynd gagnkvæmir samningar þar sem fjarskiptafyrirtæki gera samninga sín á milli um að þau hleypi hvors annars áskrifendum inn á sín net. Í þeim tilvikum er þjónustan eðli málsins samkvæmt veitt yfir landamæri.

Um þessa gerð af reikisamningum hefur Evrópusambandið m.a. sett sérstaka reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins. Eitt helsta markmiðið með henni er að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan Bandalagsins borgi ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan þess. Reglugerðin tekur bæði til þeirra heildsöluverða sem fyrirtækin eru skyldug til að bjóða viðsemjendum sínum, sjá nánar 3. gr. reglugerðarinnar, sem og til þeirra smásöluverða sem rétt þykir að bjóða notendum þjónustunnar, sjá nánar 4. gr. sem kveður á um sérstaka Evrópugjaldskrá (Eurotariff). Í formála grein 23. er kveðið á um það að sanngjarn munur skuli vera á heildsöluverðum og smásöluverðum til að tryggja sé að rekstraraðilar geti staðið straum af öllum reikikostnaði í smásölu, þ.m.t. hluti markaðskostnaðar og niðurgreiðslu símtækja. Þá er einnig tekið fram að fyrirtæki eigi að geta haldið eftir viðunandi afgangi til að skila sanngjörnum arði.

Í reglugerðinni er alþjóðlegt reiki skilgreint á eftirfarandi hátt, sbr. d. liður 2. gr:

"Community-wide roaming" means the use of a mobile telephone or other device by a roaming customer to make or receive intra-Community calls while in a Member State other than that in which his home network is located, by means of arrangements between the operator of the home network and the operator of the visited network;

Eins og sjá má af þessari skilgreiningu er það hluti af skilgreiningunni að notandi sé staddur í öðru aðildarríki en því sem heimanet hans er staðsett og að um gagnkvæm viðskipti er að ræða þar sem fjarskiptafyrirtæki fá aðgang að farsímaneti erlendis fyrir sína viðskiptavinum. Á móti láta þau af hendi samskonar aðgang fyrir viðskiptavinum erlenda fjarskiptafyrirtækisins.

Þegar um innlenda reikisamninga er að ræða er réttarsamband þess aðila sem skyldugur er til að veita aðgang að farsímaneti sínu gjörólíkt. Í fyrsta lagi er ekki um gagnkvæma samninga að ræða í þeim skilningi að Síminn í þessu tilviki fær ekki aðgang að sambærilegu neti viðsemjanda sinna á grundvelli ákvörðunar á markaði 15. Í öðru lagi er meginreglan sú þegar um alþjóðlega reikisamninga er að ræða að hvor aðili um sig gerir þær kerfisbreytingar sem nauðsynlegar eru á sínu neti til þess að viðskiptavinir hins erlenda fyrirtækis geti nýtt sér þjónustuna. Reglan hefur því verið sú að fyrirtækin senda ekki reikning fyrir þeim útgjöldum sem til verða vegna þessa til viðsemjanda. Þar sem hliðstæður kostnaður verður til hjá samningsaðilum. Fyrirtækin gera því eingöngu upp seldar mínútur sín á milli.

Þegar um innlenda reikisamninga er að ræða, sem auk þess eru byggðir á sérstakri kvöð um aðgang, er þessi aðstaða hins vegar ekki fyrir hendi. Engin gagnkvæmur kostnaður verður til í þeim skilningi að viðsemjandi Símans þarf ekki að leggja út í kostnað við að opna sitt eigið farsímanet fyrir viðskiptavinum Símans. Allur kostnaður sem verður til tengist því uppsetningu á þeim reikiaðgangi sem fyrirtækin óska eftir að fá hjá Símanum. Ekki eru því rök til þess að Síminn og viðsemjendur hans skipti á milli sín þeim kostnaði sem til verður við uppsetningu á reikiaðgangi, eins og haldið er fram í þeim umsögnum við viðmiðunartilboðið sem búrast Póst- og fjarskiptastofnun, með sama hætti og gert er þegar um alþjóðlega reikisamninga er að ræða. Rétt þykir því að þau farsímafyrirtæki sem óska eftir reikiaðgangi hjá Símanum beri allan þann kostnað sem til verður við að koma á reikiaðgangi bæði sinn eigin kostnað sem og þann kostnað sem til verður hjá Símanum við að koma á aðgangi.

Símanum er þó einungis heimilt að krefja viðsemjanda um þann beinan útlagðan kostnað sem til verður hjá fyrirtækinu í tengslum við einstakar beiðnir um reiknaðgang og þær breytingar sem gera þarf á samningstímanum. Ef viðsemjendur telja að útsendir reikningar Símans séu óeðlilegir eða ósanngarnir á einhvern hátt geta þeir óskað eftir rökstuðningi frá fyrirtækinu og eftir atvikum vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Til viðbótar ofangreindu þá er alþjóðlegt reiki og innanlandsreiki ekki hluti af sama markaði eins og þeir hafa verið skilgreindir af framkvæmdarstjórninni. Varhugavert er því að yfirfara þær reglur og þær venjur sem tíðkast hafa í samningum aðila um alþjóðlegt reiki yfir á samninga um innlandsreiki sem eiga rót sína að rekja til íþyngjandi kvaðar sem lögð var á Símann í kjölfarið á markaðsgreiningu.

Það er því afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ekki sé eðlilegt og þá um leið sanngjarnt gagnvart Símanum að bornar séu saman reglur varðandi alþjóðlega reikisamninga og þeir skilmálar sem birtir eru í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiki og hér eru til meðferðar t.d. sú regla alþjóðlegra reikisamninga um að engin föst gjöld séu tekin og að einungis sé krafid um gjöld sem falla til þegar notendur reika inn á net viðsemjanda.

Um þau gjöld sem Símanum er heimilt að taka fyrir innanlandsreiki vísast að öðru leyti til kafla 4.

3 Einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust frá farsímafyrirtækjum um einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins, sjónarmiðum Símans sem og niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar. Til hægðarauka verður það ákvæði viðmiðunartilboðsins sem gerðar eru athugasemdir við tekið upp orðrétt í upphafi hverrar umfjöllunar.

3.1 Grein 1.2 Markmið

„Markmiðið með samningnum er að gera viðsemjanda kleift að veita viðskiptavinum sínum farsímaþjónustu á landsbyggðinni þar sem farsímaþjónusta viðsemjanda nær ekki til. Farsímastöðvar sem viðsemjandi fær aðgang að eru tilgreindar í töflu 2 í viðauka 3. Auk þess getur Síminn fengið aðgang að farsímastöðvum viðsemjanda utan höfuðborgarsvæðisins.“

3.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodfone gerir athugasemd við síðasta málslið greinarinnar þar sem fram kemur að Síminn geti auk þess fengið aðgang að farsímastöðvum viðsemjanda utan höfuðborgarsvæðisins. Bendir fyrirtækið á að sambærilegt ákvæði sé einnig að finna í grein 1.9 og þar sé einnig gert að skilyrði að slíkur aðgangur sé á sömu kjörum og Síminn er að bjóða. Telur fyrirtækið að slíkt skilyrði sé ekki hluti af samningi um innanlandsreiki. Hafi Síminn hins vegar áhuga á að fá aðgang að farsímastöðvum viðsemjanda sé eðlilegast að um það verði samið sérstaklega. Tiltekur fyrirtækið að Síminn hafi verið eina fyrirtækið sem útnefnt hafi verið með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 15 skv. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og ber því eitt kvaðir á þeim markaði þ.á.m. kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Óeðlilegt væri ef fyrirtækið gæti með viðmiðunartilboðinu yfirfært þá kvöð á viðsemjendur sína með því að

krefja þá um aðgang að farsímanetum þeirra á sömu kjörum og Síminn þarf að bjóða á grundvelli kvaða.

Önnur fyrirtæki gerðu ekki athugasemdir við þessa grein.

Í umsögn Símans, dags. 4. febrúar s.l. er engin efnisleg umfjöllun um þetta skilyrði viðmiðunartilboðsins.

3.1.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun tekur undir með Vodafone að engar forsendur né standa lög til þess að Síminn geti með skilmála í viðmiðunartilboði sem fyrirtækinu er skylt að gefa út á grundvelli niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15, gert það að samningsskilyrði í viðmiðunartilboði að fyrirtækið fái aðgang að farsímastöðvum viðsemjanda. Samningar um aðgang Símans að farsímastöðvum viðsemjanda sinna verða einungis gerðir á grundvelli almennra viðskiptasamninga eða eftir atvikum á grundvelli nógildandi 35. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um gagnkvæman rétt farsímafyrirtæki til að fá aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja. Sjá einnig umfjöllun í kafla 2.2. um 35. gr.

Í kafla 2.2.2 var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri heimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá skyldu til reikiaðgangs með þeim hætti sem fram kom í viðmiðunartilboðinu. Vegna þessarar niðurstöðu er einnig nauðsynlegt að fella niður í markmiðslýsingu tilboðsins tilvísun til landsbyggðarreikis.

Með vísun til ofangreinds skal markmið viðmiðunartilboðsins orðast með eftirfarandi hætti:

„Markmiðið með samningnum er að gera viðsemjanda kleift að veita viðskiptavinum sínum farsímaþjónustu á þeim svæðum sem farsímaþjónusta viðsemjanda nær ekki til. Farsímastöðvar sem viðsemjandi fær aðgang að eru tilgreindar í töflu 2 í viðauka 3.

Af þessu leiðir að nauðsynlegt er einnig að breyta heiti viðmiðunartilboðsins á forsiðu. Heiti tilboðsins skal vera „*Viðmiðunartilboð um innanlandsreiki*“

3.2 Grein 1.4. Þjónusta sem fólgin er í samningnum

„Samningurinn felur í sér að Síminn mun annast tengingu símtala, gagnasendinga (GPRS) og SMS þjónusta til viðskiptavina viðsemjanda á reikisvæðum (sjá viðauka 3). Þjónustan sem fólgin er í samningnum á einungis við reiki viðskiptavina viðsemjanda, en ekki reiki þriðja aðila, þar með talið dóttur og hlutdeildarfélag samningsaðila.“

3.2.1 Athugasemdir hagsmunaðila

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að samkvæmt ofangreindri grein sé útilokað að samningurinn geti átt við viðskiptavini dótturfélaga og hlutdeildarféлага samningsaðila. Jafnframt vísar Vodafone í b. lið greinar 2.1. þar sem sett sé fram sú krafa að viðsemjandi hafi fengið úthlutað tíðnum og númerum skv. IV. kafla laga um fjarskipti. Telur Vodafone að þessi ákvæði komi í veg fyrir að félag líkt og Ódýra símafélagið ehf. (SKO) geti fengið reikiaðgang hjá Símanum og að það samræmist ekki ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um markað 15.

Bendir fyrirtækið á að þegar er í gildi samningur um innanlandsreiki milli SKO og Símans sem byggir á samningi Vodafone við Símann.

3.2.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 var sú að fyrirtæki með útgefna tíðniheimild ættu rétt á reikjaðgangi. Ef gangályktað er út frá því þá eiga fyrirtæki sem ekki hafa útgefna tíðniheimild og reka þ.a.l. ekki sitt eigið farsímanet ekki rétt á reikisamningi við Símans. Til viðbótar kvöð um innanlandsreiki var einnig lögð sú kvöð á Símann að veita svokallaðan sýndarnetsaðgang (MVNO) og endursölu. Kvaðir þessar eru til þess ætlaðar að koma til móts við óskir fyrirtækja sem ekki hafa yfir að ráða tíðnum að gera þeim kleift að koma inn á markaðinn í þeim tilgangi að auka samkeppni á markaðnum. Í ljósi þessa verður að telja að grein 1.4. eins og hún er orðuð sé í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15.

3.3 Grein 1.9. Aðgangur að farsímastöðvum viðsemjanda

„Ef Síminn óskar eftir aðgangi að farsímastöðvum viðsemjanda skal viðsemjandi verða við slíkri beiðni á sömu kjörum og gilda um aðgang að farsímastöðvum Símans, sbr. 3. gr. í Viðauka 1.“

3.3.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Vodafone gerði athugasemd við þennan skilmála með sömu rökum og við lokamálslið í skilmála 1.2., þ.e. að óeðlilegt væri ef Síminn gæti með viðmiðunartilboðinu yfirfært kvöð um reikjaðgang á viðsemjendur sína.

Nova gerði efnislega sömu athugasemdir og Vodafone við grein 1.9.

Í umsögn Símans, dags. 4. febrúar s.l. eru engar skýringar gefnar á tilvitnuðu ákvæði

3.3.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í ákvörðun 15 varð það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn væri eitt fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 15. Í ljósi þess voru lagðar kvaðir um aðgang að farsímaneti fyrirtækisins m.a. um innanlandsreiki. Af því leiðir að engar kvaðir um aðgang Símans að farsímaneti viðsemjanda sinna verða leiddar af niðurstöðu markaðsgreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar og þar með óeðlilegt að fyrirtækið í viðræðum um skilmála aðgangs geti sett skilyrði sem felur í sér sömu kjör og birtast í viðmiðunartilboðinu. Viðræður Símans um aðgang að farsímanetum annarra fjarskiptaneta verða einungis reistar á almennum viðskiptasamningum og eftir atvikum á nógildandi 35. gr. fjarskiptalaga og þeim sjónarmiðum sem liggja að baki þeirri grein.

Með vísun til ofangreinds er grein 1.9 í viðmiðunartilboði Símans felld niður í heild sinni enda verður ekki séð að Síminn geti fyrirfram sett umrætt skilyrði í samningaviðræðum við önnur farsímafyrirtæki um aðgang að farsímasendum.

3.4 Grein 2.1. Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda

„Viðsemjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að öðlast rétt á reiknotkun samkvæmt samningi þessum:

- a) Þjónusta á reikisvæðum samkvæmt samningum takmarkast við SIM-kort með IMSI númeraröðum sem viðsemjanda hefur verið úthlutað og fela í sér íslenska land- og netkóða eins og skilgreint er í ETSI stöðum.
- b) Viðsemjandi skal hafa almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, sbr. II. Kafli fjarskiptalaga nr. 81/2003, með síðari breytingum, skal hafa fengið úthlutað tíðnum og númerum í samræmi við IV. kafla laganna, reka eigið farsímanet, að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu, og fullnægja öðrum lagaskilyrðum um fjarskiptastarfsemi hverju sinni.
- c) Viðsemjandi skal veita þjónustu sem veldur ekki óeðlilegu álagi á farsíma- eða öðrum fjarskiptakerfum og samræmist réttmætum og eðlilegum viðskiptaháttum.
- d) Viðsemjanda er óheimilt að endurselja eða leigja frá sér rekstrarþætti eða starfsemi fjarskiptanetanna, hver sem hún kynni að vera, samkvæmt ákvæðum þessa samnings, til þriðja aðila sem rekur fjarskiptanet, án skriflegs samþykkis Símans.
- e) Reiknotkun viðsemjanda skal vera í samræmi við viðkomandi tæknilýsingar ETSI og skjöl GSM Association Permanent Reference.
- f) Kort yfir heimasvæði viðsemjanda er birt í Viðauka 4. Breytingar á þessum kortum skulu tilkynntar Símanum skv. ákvæði í gr. 3.3. og 8. gr. í samningnum.“

3.4.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Vodafone bendir á b.-lið þar sem m.a. er gerð er sú krafa að viðsemjandi hafi fengið úthlutað tíðnum og númerum skv. IV. kafla fjarskiptalaga og reki eigið farsímanet. Telur fyrirtækið ef framangreint er rétt skilið megi telja að þessi ákvæði komi í veg fyrir að félög líkt og Ódýra símafélagið ehf. (SKO) geti fengið reiknaðgang hjá Símanum sem samrýmist ekki ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15. Bendir Vodafone á að nú þegar sé í gildi samningur um innanlandsreiki milli SKO og Símans sem byggir á samningi Vodafone og við Símann.

Í athugasemdum Nova kemur m.a. að fyrirtækið telur ákvæði c-liðar afar matskennt og óljóst hvað felist í hugtökunum „óeðlilegt álag“ og „réttmætir og eðlilegir viðskiptahættir“. Jafnframt bendir Nova á að ákvæði d.-liðar sé strangt. Takmörkun á framsalsrétti þurfi að vera skýr og hugsanlega sé heppilegra ef Síminn skuldbindi sig til að veita skriflegt samþykki ef framsalshafi uppfyllir almenn skilyrði b.-liðar sama ákvæðis.

3.4.2 Sjónarmið Símans

Í umsögn Símans kemur fram að það sé alþjóðleg skilgreining að reiknaðgangur byggist á því að sá sem hans óskar eigi eigið farsímanet. Bendir fyrirtækið jafnframt á að þeir sem ekki hafi eigið net geti óskað eftir sýndarnetsaðgangi eða endursöluaðgangi. Krafa um eigið farsímanet komi því ekki í veg fyrir að slíkir aðilar geti komið inn á markaðinn.

3.4.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 eru þau form af aðgangi sem Síminn er skyldugur til að veita nokkur s.s. endursala, innanlandsreiki og sýndarnetsaðgangur. Almenn hefur verið gengið út frá því að fyrirtæki sem fengið hafa úthlutað tíðnum frá Póst- og fjarskiptastofnun til uppbyggingar farsímanetum eigi að fá

aðgang að innanlandsreiki þar sem talið er mikilvægt í samkeppnislegur tilliti að fyrirtæki geti boðið upp á þjónustu um allt land frá upphafi. Til að örva samkeppni enn frekar var einnig lögð sú kvöð á Símann að bjóða upp á sýndarnetsaðgang og endursölu, sem er þá hugsað fyrir fyrirtæki sem ekki hafa fengið úthlutað tíðnum og þar af leiðandi byggja ekki upp sitt eigið farsímanet. Í ljósi þessa verður að telja eðlilegt að Síminn setji það sem skilyrði fyrir reikjaðgangi að fyrirtæki hafi fengið úthlutað tíðnum og þá um leið númerum frá Póst- og fjarskiptastofnun eða eftir atvikum geti tekið við númerum frá öðrum farsímafyrirtækjum með hefðbundnum númeraflutningi.

Samskonar bann við endursölu og leigu á rekstarþáttum fjarskiptanetanna og er í d. –lið er einnig að finna í viðmiðunartilboði Telenor, sbr. d.-liður greinar 1.3. Basic Requirements on NRO.

Hvað varðar samning þann sem Vodafone hefur gert fyrir hönd SKO (Nú Tal) við Símann og vísað er til í athugasemdum fyrirtækisins verður ekki séð að hann byggji á núgildandi kvöð um innanlandsreiki eins og hún er sett fram í greiningunni. Þá er einnig rétt að líta til þess að á þeim tíma sem samningurinn var gerður var reikjaðgangur eina formið að aðgangi sem hér var við lýði. Í dag hefur einnig verið opnað fyrir sýndarnetsaðgang og endursöluaðgang. Síminn hefur nú gefið út viðmiðunartilboð fyrir sýndarnetsaðgang og endursölu. Hvernig SKO (Tal) skilgreinir sig sem fyrirtæki og þar með hvernig aðgangssamningi fyrirtækið á nú rétt á er ekki umfjöllunarefni þessarar ákvörðunar. Rétt þykir hins vegar að benda á að Símanum er ekki heimilt að draga til baka þann samning sem fyrirtækið hefur gert við SKO um innanlandsreiki fyrr en gengið hefur verið frá aðgangi á grundvelli sýndarnetstilboðsins eða þess endursölutilboðs sem birt hefur verið, nema til komi einhverjar vanefndir sem réttlætt geta riftun samnings.

Hvað varðar athugasemdir Nova sem snúa að matskenndum hugtökum eins og óeðlilegt álag og réttmættir viðskiptahættir, þá er vandséð og hugsanlega óraunhæft að orða þessi skilyrði með skýrari hætti en gert er í tilboðinu. Skýring þessara hugtaka ræðst t.d. af tækni hvers tíma og fyrirtækin hafa ávallt rétt til að bera upp ágreining sem verða kann um skilning á þessum hugtökum upp við Póst- og fjarskiptastofnun eða eftir atvikum að fara með málin fyrir dómstóla.

Með vísun til ofangreinds eru ekki rök til þess að ofangreindir skilmálar verði breytt eða þeir felldir úr gildi með þeim rökum sem fjarskiptafyrirtækin halda fram.

Hins vegar er nauðsynlegt að leiðrétta b.-lið til samræmis við niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar í kafla 2.2 og fella út það skilyrði að viðsemjandi skuli ráða yfir fjarskiptaneti á höfuðborgarsvæðinu, en b.-liður orðast þá með eftirfarandi hætti:

Viðsemjandi skal hafa almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, sbr. II. Kafli fjarskiptalaga nr. 81/2003, með síðari breytingum, skal hafa fengið úthlutað tíðnum og númerum í samræmi við IV. kafla laganna, reka eigið farsímanet, að minnsta kosti í samræmi við skilyrði tíðniheimildar, og fullnægja öðrum lagaskilyrðum um fjarskiptastarfsemi hverju sinni.

3.5 Grein 2.3. Tilkynningar vegna bilana

„Samningsaðilar tilkynni um bilanir í eigin neti. Samningsaðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gangaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.“

3.5.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að í grein 2.3. sé tekið fyrir það að samningsaðilar geti vísað til bilana í kerfi gagnaðila. Telur fyrirtækið það óásættanlegt skilyrði og vill skilyrðislaust eiga rétt til að upplýsa notendur sína um þær bilanir sem koma upp í kerfinu hvort sem það er í kerfi fyrirtækisins sjálfs eða Símans. Nova gerir efnislega sömu athugasemd og Vodafone.

3.5.2 Sjónarmið Símans

Síminn tjáði sig ekki efnislega um þessa athugasemd.

3.5.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Ekki verður séð af orðalagi greinarinnar að tilgangur hennar sé sá sem Vodafone og Nova halda fram. Samkvæmt orðanna hljóðan er kveðið á um að samningsaðilar geti ekki skýrt bilanir í eigin neti með því að vísa til nets gagnaðila. Samkvæmt því verður að líta svo á að viðsemjendur Símans sem og Síminn sjálfur eigi að geta upplýst viðskiptavinum sínum um ástæður bilana hvort sem þær eiga rót að rekja til fyrirtækisins sjálfs eða Símans. Sjá einnig ákvæði 2.3. í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta (hér eftir RIO „*reference interconnection offer*“) sem er efnislega eins.

3.6 Grein 2.5. Takmörkun umferðar

„Samningsaðilum er heimilt að takmarka umferð fyrirvaralaust og án þess að tilkynna gagnaðila um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets samningsaðila. Komi til slíkrar takmörkunar á umferð, skal tilkynna gagnaðila um ástæður þess strax og hægt er.“

3.6.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Nova er vakin athygli á að ákvæðið gangi nokkuð langt og telur eðlilegt að ákvæðinu verði breytt til samrýmis við áþekkt ákvæði í viðmiðunartilboði um RIO.

3.6.2 Sjónarmið Símans

Síminn tjáði sig ekki efnislega um þessa athugasemd.

3.6.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Fallast má á það með Nova að ákvæði 3.9. í RIO gangi skemur en það ákvæði sem nú er í reikartilboði Símans. Póst- og fjarskiptastofnun telur einnig eðlilegast að almenn ákvæði þeirra viðmiðunartilboða sem fyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk er gert að birta séu efnislega eins, enda sé um að ræða skilmála sem séu óháðir þeim sérstaka aðgangi sem verið er að veita í hverju tilviki. Í ljósi þessa er ákvæði 2.5 í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiki breytt til samræmis við ákvæði 3.9. í RIO.

Ákvæðið skal því orðast með eftirfarandi hætti:

„Aðilum er heimilt að takmarka umferð ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets viðkomandi aðila. Tilkynna skal um slíka takmörkun fyrirfram ef því verður við komið. Aðeins skal takmarka umferð fyrirvaralaust ef brýna nauðsyn ber til.“

3.7 Grein 2.6. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

„Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis Símans.“

3.7.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Nova er vísað til athugasemda fyrirtækisins við d-lið greinar 2.1. Auk þess telur Nova að bæta verði við ákvæðið sambærilegu ákvæði og er í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta sem hljóðar svo:

„Þó er viðsemjanda heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að verulegu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Símans að það taki á sig skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.“

Telur Nova að samningsaðila Símans eigi að vera heimilt að nýta þann aðgang sem hann hefur fyrir dótturfélög sín. Kröfur Símans gangi of langt að þessu leyti þar sem Síminn muni krefjast tvöfalds lágmarksgjalds ef tvö fyrirtæki innan sömu samsteypu nýti sér aðgang að reiki t.d. séu litlar líkur á því að Vodafone og SKO, dótturfélög Teymis, greiði tvöföld lágmarksgjöld vegna reikiaðgangs í núverandi samningi sínum við Símann.

3.7.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans er tiltekið að í viðmiðunartilboðinu sé gert ráð fyrir því að viðsemjandi geti ekki nema með skriflegu samþykki framselt réttindi samkvæmt tilboðinu til þriðja aðila og slíkt sé í samræmi við almennar reglur.

3.7.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt að hér eigi það sama gilda og fram kemur í umfjöllun í kafla 3.6, þ.e. að hliðstæð ákvæði viðmiðunartilboða Símans eigi að vera efnislega eins, nema til þess standi rökbundin nauðsyn vegna eðlis þess aðgangs sem um ræðir. Slík sjónarmið eiga ekki við í þessu tilviki og því eðlilegt að skilmálinn sé efnislega eins og í skilmála 11 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta og vísað er til í athugasemdum Nova.

Grein 2.6. skal því orðast með eftirfarandi hætti:

„Viðsemjanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis Símans.“

Þó er viðsejanda heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Símans að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.“

3.8 Grein 2.8. Þagnarskylda o.fl.

„Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp um verð eða aðra skilmála samnings þessa,…….“

3.8.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Nova bendir fyrirtækið á að um er að ræða opinbert viðmiðunartilboð Símans, sem honum er skylt að birta, telur fyrirtækið því rétt að fyrsta setningin falli niður. Þá leggur fyrirtækið til að ákvæði um þagnarskyldu gæti einnig verið orðað á eftirfarandi hátt:

„Um þagnarskyldu aðila vísast til 26. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti“

3.8.2 Sjónarmið Símans

Síminn tjáði sig ekki efnislega um þessa athugasemd

3.8.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun telur að um sé að ræða misskilning af hálfu Nova. Viðmiðunartilboð eru í eðlu sínu opinberar upplýsingar til markaðsaðila um skilmála og verð á þjónustu og hafa til þessa verið birt á heimasíðu Símans sem og Póst- og fjarskiptastofnunar. Ekki hefur hins vegar tíðkast að birta einstaka samtengisamninga né reikisamninga. Hins vegar er ljóst að Síminn er bundinn af jafnræðiskvöð sem felur í sér að fyrirtækinu er óheimilt að mismuna fyrirtækjum á markaði. Eitt af hlutverkum Póst- og fjarskiptastofnunar er að ganga úr skugga um að jafnræðis sé gætt á markaði, en skylt er samkvæmt ákvörðun á markaði 15 að senda til stofnunarinnar alla þá reikisamninga sem gerðir eru á grundvelli hennar., sbr. til hliðsjónar 6. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga varðandi skyldu fjarskiptafyrirtækja til að senda samtengingarsamninga til Póst- og fjarskiptastofnunar.

3.9 Grein 3.1. Reikisvæði Símans

„Reikisvæði Símans er við upphaf hvers 6 mánaða tímabils samningsins skilgreint í viðauka 3. Það miðast við þá senda sem viðsejandi fær þá reikiaðgang að. (Breytingar á sendafjölda sem verða innan hvers 6 mánaða tímabils skal skrá í viðauka 5). Höfuðborgarsvæðið getur aldrei talist til reikisvæðis Símans. Höfuðborgarsvæðið markast í samningi þessum af línnum sem dregnar eru við Hvalfjörð, Hellisheiði og Hafnarfjörð (sjá nánari á mynd 1 í viðauka 3).“

3.9.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone er vikið að því að viðmiðunartilboð Símans er takmarkað við reiki á landsbyggðinni og reiki á höfuðborgarsvæðinu þannig útilokað. Vodafone fær því ekki séð hvernig hægt er að fallast á að Símanum sé heimilt að takmarka tilboð sitt við reiki á landsbyggðinni þegar umrædd kvöð lagði skýrlega skyldu á Símann að bjóða innanlandsreiki

án takmörkunar við ákveðin landssvæði. Einnig sé ljóst ef litið er til greiningar á markaði 15 að kvöð um aðgang fyrir innanlandsreiki geti ekki takmarkast við landsbyggðarreiki þar sem slík kvöð væri ekki fullnægjandi til þess að mæta þeim samkeppnisvandamálum sem fjallað er um í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar. Takmörkun á reikiskyldu við dreifbýli væri því ekki fullnægjandi fyrir smærri fyrirtæki sem freista þess að komast inn á farsímamarkaðinn og þurfi á reikiaðgangi að halda.

Öll þau fyrirtæki sem skiluðu inn umsögn um tilboð Símans gerðu athugasemdir við ofangreint ákvæði með hliðstæðum hætti og Vodafone .

3.9.2 Sjónarmið Símans

Um sjónarmið Símans vísast til kafla 2.2.1. þar sem fyrirtækið gerir m.a grein fyrir lagasjónarmiðum sem fyrirtækið telur að viðmiðunartilboðið hvíli á sem og þeim rökum sem leiða til þess að höfuðborgarsvæðið er undanþegið aðgangi að innanlandsreiki.

3.9.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í ákvæðinu afmarkar Síminn þau svæði sem fyrirtækið telur að því sé skylt að veita reikiaðgang að. Eins og fram kemur í kafla 2.2. var það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Símanum væri óheimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá skyldu til reikiaðgangs með þeim hætti sem fram kemur í tilboðinu.

Með vísun til þeirrar umfjöllunar skal grein „3.1. Reikisvæði Símans“ orðast með eftirfarandi hætti:

„Reikisvæði Símans er við upphaf hvers 6 mánaða tímabils samningsins skilgreint í viðauka 3. Það miðast við þá senda sem viðsemjandi fær þá reikiaðgang að. (Breytingar á sendafjölda sem verða innan hvers 6 mánaða tímabils skal skrá í viðauka 5).

Í tengslum við þessa niðurstöðu er einnig nauðsynlegt að fella út úr tilboðinu mynd 1 í viðauka 3 sem vísað er til.

3.10 Grein 3.3. Breytingar á farsímaneti viðsemjanda

„Hafi viðsemjandi í hyggju að stækka farsímanet sitt (GSM eða UMTS) þannig að heimasvæði hans fari inn á skilgreint reikisvæði Símans samkvæmt viðauka 3, leiðir það til endurskoðunar á reikisvæði Símans. Þannig áskilur Síminn sér rétt til að fella niður reiki á þeim sendum Símans, sem lenda innan nýs heimasvæðis viðsemjanda, þ.e. sendar staðsettir á þjónustusvæði nýs sendis viðsemjanda, þó að lágmarki í 25 km fjarlægð (radius) frá hinum nýja sendi.

Verð fyrir reikiaðgang eru háð fjölda senda sem viðsemjandi hefur reikiaðgang að (sjá nánar gr. 2 í viðauka 1). Verð breytast í þrepum miðað við fjölda senda. Þannig breytist bæði lágmarks gjald/sendu, sem innheimt er hálfárslega, notkun innifalin í því gjaldi, sem og verðskrá fyrir umframnotkun, allt eftir fjölda senda í reiki hjá Símanum. Nánari útfærsla

verðskrár fyrir reiki er skýrð nánar í viðauka 1 og í viðauka 10 fyrir þá senda sem settir eru upp skv. samningi við Fjarskiptasjóð.

Við það er miðað að viðsemjandi geti fyrirfram óskað upplýsinga um þau áhrif sem tilteknar breytingar á heimasvæði hans hafa á reikisvæði og reikiverð Símans. Síminn mun upplýsa um áhrif slíkra breytinga á reikisvæði og reikiverð eins fljótt og kostur er, miðað við að magn slíkra fyrirspurna sé innan eðlilegra marka.

Hyggist viðsemjandi gera breytingar á heimasvæðum sínum sem hefur áhrif á reikisvæði hans, skal það tilkynnt Símanum með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara (sjá nánar gr. 1.1. í viðauka 6).“

3.10.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Hér verður eingöngu gerð grein athugasemdum fjarskiptafyrirtækja um 1. mgr. Athugasemdir sem snúa að verðlagningu reikis og forsendur fyrir henni er að finna í kafla 4 þar sem fjallað er um gjaldskrá Símans fyrir innanlandsreiki

Í athugasemdum Vodafone er vakin athygli á því að tilboðið hafi að geyma skilyrði sem ná yfir bæði GSM og UMTS net viðsemjanda. Að mati Vodafone sé þetta með öllu óásættanlegt og öll tilvísun í önnur net en GSM farsímanet eigi að fara út úr tilboðinu. Þá telur fyrirtækið að nauðsynlegt sé að viðsemjandi sem kaupir aðgang að GSM farsímaneti Símans hafi fullar heimildir til að byggja upp kerfi innan reikisvæða án þess að það hafi áhrif á samning um innanlandsreiki. Annað væri ekki í samræmi við tilgang markaðsgreiningar og álagningu kvaða sem ætlað sé að byggja upp samkeppni milli neta og gera aðilum kleift að byggja upp net sín í nokkrum skrefum. Viðsemjandi eigi að geta valið þá senda sem hann vill reika á og ákveða hvenær hann vill hætta burtséð frá staðsetningu senda Símans. Ekki eigi að vera á forræði Símans að ákveða einhliða hvar viðsemjandi geti byggt upp senda og hvenær fella eigi niður reiki á þeim sendum sem viðsemjandi er að reika á.

Vodafone leggur til að frestur til að tilkynna breytingar verði þrjú mánuðir í stað fjögurra og að fyrirkomulagið verði með þeim hætti að viðsemjandi sem ákveði að byggja upp senda á nýju svæði geti með þriggja mánaða fyrirvara sagt upp reiki á ákveðnum sendi eða sendum og fengið þá breytingu afgreidda innan þessara þriggja mánaða.

3.10.2 Sjónarmið Símans

Um breytingar á reikisvæði tóttók Síminn að til að veita aðgang í reiki þurfi að skilgreina svokölluð „location area“ sem veitir viðsemjanda aðgang að tilgreindum sendum. Tæknilegir annmarkar séu á því hversu mörg „location area“ hægt sé að skilgreina. Síminn þurfi því að samræma óskir frá öllum viðsemjendum sínum og því nauðsynlegt að Síminn hafi nægilegan tíma til að aðlaga kerfi sín eftir megni að óskum viðsemjanda. Síminn telur að fjórir mánuðir séu algjör lágmarkstími til að undirbúa og framkvæma breytingar samkvæmt beiðni viðskiptavinar. Mikilvægt sé að ítreka að uppsetning á reikisvæði sé tæknilegum annmörkum háð og því ekki víst að Síminn geti orðið við öllum beiðnum, ef mjög ólíkar beiðnir koma frá mörgum viðsemjendum.

Í tengslum við þau skilyrði sem Síminn setur fram í grein 3.3. um breytingar á farsímaneti viðsemjanda voru Símanum einnig sendar eftirfarandi spurningar með bréfi stofnunarinnar, dags. 28. apríl 2008:

1. Hefur það áhrif/afleiðingar (tæknilegar) á merkjasendingar frá sendum Símans þegar fyrirtæki sem reikar setur upp sendi sem nær inn á svæði sem skilgreint er sem reikisvæði í samningi aðila? Séu slík áhrif með einhverjum hætti neikvæð er óskað eftir rökstuðningi þar að lútandi, auk tillagna hvernig ráða megi bót á þeim.
2. Hefur það í för með sér vinnu fyrir Símann þegar sendar eru teknir úr reiki eða skilgreindir inn í reiki? Ef svo er í hverju felst hún og hver er áætlaður kostnaður við hverja breytingu?
3. eru tækniannmarkar við uppsetningu á reikiaðgangi fyrir farsímafyrirtæki? Skiptir fjöldi fyrirtækja sem reika einhverju máli? Hvað er hægt að skilgreina mörg „location area“ inn á neti Símans?

Svar Símans barst með bréfi, dags. 23. júní sl.

Í svari Símans við spurningu 1, segir eftirfarandi:

„Ef útbreiðslusvæði 2ja farsímafyrirtækja skarast þá getur það truflað yfirfærslu (handover) símtala á milli senda og valdið símtalsslitum fyrir viðskiptavinum. Við hönnun fjarskiptaneta er nauðsynlegt að tryggja að skörun dreifikerfa sé ávallt sem minnst en þannig má tryggja öryggi og gæði símtala sem eru að flytjast á milli senda. Síminn hefur frá upphafi farsímarekstrar á Íslandi lagt mikið upp úr því að tryggja viðskiptavinum sínum samfelda örugga og góða þjónustu á farsímakerfi Símans. Þess vegna hefur Síminn ávallt lagt á það áherslu að þjónustusvæðin skarist sem allra minnst og setur því fram í viðmiðunartilboði sínu að sendar í reiki séu að lágmarki í 25 km fjarlægð. Þetta eru fagleg viðmið sem rekstraradilar fjarskiptafyrirtækja og eftirlitsaðilar fjarskiptamála ættu að geta sameinast um. Þannig má tryggja viðskiptavinum í farsímaþjónustu slitlausu og örugga farsímaþjónustu. Nú þegar færst hefur í vöxt að byggja upp með langdrægum sendum er spurning hvort rétt væri að endurmeta 25 km regluna.“

Í svari Símans við spurningu 2, segir eftirfarandi:

„Breytingar á skilgreiningum á reikisvæðum hefur í för með sér vinnu sem er í beinu sambandi við umfang breytinga. Atriði sem koma til skoðunar við breytingar í reikiþjónustu geta verið eftirfarandi:

- *Skilgreina nýja aðila inn í kerfið*
- *Meta hvaða áhrif nýir reikiadilar hafa á þá sem fyrir eru og framkvæma nauðsynlegar breytingar á þeim ef svo ber undir.*
- *Skilgreina nýjar svæðiseiningar (Location Area) ef um það er að ræða.*
- *Ef reikisvæðin eru ekki þau sömu þá þarf að gera breytingar á þeim sem fyrir eru.*
- *Gæðamælingar til að tryggja gæði, öryggi og virkni kerfisins.*
- *Prófanir á gjaldfærslugögnum, sem tryggja skal áreiðanleika gagna.*

Telur Síminn að af þessari upptalningu megi leiða að kostnaður við breytingar fari alfarið eftir umfangi breytingar og ekki mögulegt að gefa út eitt leiðbeinandi verð fyrir vinnu.

Í svari við spurningu 3 segir Síminn:

„Almennt eru farsímakerfi hönnuð fyrir alþjóðlegt reiki þar sem aðilar reika á öllu dreifikerfi þjónustuveitanda. Um innanlandsreiki gilda önnur lög málgæta vegna skörunar á dreifikerfum farsímafyfirtækja. Þar er búið að skipta dreifikerfinu upp í minni svæðiseiningar (location area) en með auknum fjölda þeirra eykst flækjustigið í kerfinu. Tryggja þarf að skil séu sem skörpust á milli svæðiseininga (location area), skilgreiningar á svæðiseiningum hafa áhrif á rafhlöðunotkun farsíma og merkjasendingar innan farsímakerfis eykst verulega. Hætt er á að farsímar séu utan þjónustusvæðis eykst eftir því sem tíðni á þessum færslum fjölga á milli svæða. Fræðilega er mögulegt að skilgreina margar svæðiseiningar (location area) en slíkar skilgreiningar geta haft í för með sér endurhönnun á kerfishögun dreifikerfa sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt.“

3.10.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og áður hefur komið fram er Símanum óheimilt að takmarka rétt fjarskiptafyrirtækja til innanlandsreikis með því að undanskilja höfuðborgarsvæðið. Það eina sem takmarkar rétt fjarskiptafyrirtækis til reikjaðgangs eru þau skilyrði sem fyrirtæki hafa undirgengist samkvæmt útgefnum tíðniheimildum frá Póst- og fjarskiptastofnun og/eða að fyrirtækin hafa yfir að ráða eigin neti á því svæði sem óskað er eftir reikjaðgangi að (sjá einnig kafla 2.2.3).

Hvað varðar þá athugasemd Vodafone að tilvísanir tilboðsins í önnur net en GSM net eigi að fara út úr tilboðinu þá getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki fallist á það sjónarmið. Í markaðsgreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar var sérstaklega vikið að því að nauðsynlegt væri fyrir 3G netrekendur að fá aðgang að GSM netum í gegnum innanlandsreiki. Það leiðir af eðli máls að sú þörf minnkar í réttu hlutfalli við stækkun á þeirra eigin netum. Í því ljósi er eðlilegt að stækkun á heimaneti leiði til endurskoðunar á reikisvæði og að sama regla verði látin gilda hvort sem viðsemjandi rekur GSM farsímanet eða 3G farsímanet.

Í athugasemdum Vodafone er lagt til að frestur til að tilkynna Símanum um uppbyggingu eigin sendis eða senda á nýju svæði verði þrjú mánuðir og að viðsemjandi eigi að geta fengið þessar breytingar afgreiddar innan þessara þriggja mánaða. Síminn aftur á móti telur að fjórir mánuðir sé lágmarkstími til að undirbúa og framkvæmda breytingar samkvæmt beiðni viðsemjanda.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er eðlilegt að Símanum sé gefið eðlilegt og sanngjarnt svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á sínum kerfum vegna stækkunar á heimasvæði viðsemjanda. Telja verður að 4 mánaða frestur sem tiltekinn er í viðmiðunartilboðinu sé eðlilegur sérstaklega í ljósi þess fjölda viðsemjanda sem rétt eiga til að ganga til samninga við Símann um innanlandsreiki (sjá einnig umfjöllun í kafla 3.17.3).

Það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þeir tæknilegu annmarkar sem Síminn vísar til varðandi nauðsyn þess að heimasvæði og reikisvæði skarist sem minnst séu ekki af þeirri stærðargráðu að þeir eigi að koma í veg fyrir að sendar viðsemjanda og Símans skerist í

einhverjum tilvikum með þeim afleiðingum að heimasvæði og reikisvæði sé það sama um tiltekinn tíma. Auk þess sem flest af þeim atriðum sem bent er á að valdið geti erfiðleikum eða óþægindum s.s. sambandsslit viðskiptavina varða ekki viðskiptavini Símans sem fá þjónustu á viðkomandi svæði, heldur viðskiptavini viðsemjanda sem fá farsímaþjónustu hjá honum í gegnum reikiþjónustu Símans. Aukin tíðni þessara vandamála vegna skörunar á heimasvæðum og reikisvæðum koma því niður á viðkomandi viðsemjanda t.d. sem kvartanir um gæði þjónustu. Eðlilegt er að viðsemjandi meti hættu á slíku sjálfur en að kveðið sé um það óbeint í skilmála viðmiðunartilboðs. Hagsmunir Símans ættu auk þess að vera vel varðir ef litið er til þess að allur kostnaður við að koma á reiki er greiddur af viðsemjanda, sbr. kafli 4. Síminn hefur því alltaf þann möguleika gagnvart viðsemjendum að krefjast greiðslu fyrir beinum útlögðum kostnaði sem hlýst af hugsanlegum tæknilegum annmörkum vegna þess að heimasvæði og reikisvæði fara saman í einhvern tiltekinn tíma.

Tæknileg atriði ættu því ekki að koma í veg fyrir að heimasvæði viðsemjandi skarist eða fari inn á skilgreint reikisvæði um tiltekin tíma með þeim afleiðingum að Símanum væri heimilt að fella niður reiki á þeim sendum fyrirtækisins sem lenda á hinu nýja heimasvæði.

Það er álit Póst- og fjarskiptastofnunar að það séu tvö meginmarkmið sem leggja beri til grundvallar við mótun á skilmála um aðgreiningu heimasvæðis og reikisvæðis. Annars vegar að Símanum beri ekki skylda til að veita reikiaðgang á þeim svæðum sem viðsemjendur hafa sjálfir yfir að ráða eigin farsímaneti, en ljóst má þó vera að ávallt verður um einhverja skörun að ræða eðli málsins samkvæmt. Hins vegar sú meginregla sem leiðir af ákvörðun á markaði 15 að fyrirtæki eiga rétt á aðgangi að farsímaneti Símans þar sem þeirra eigin farsímaneti sleppir.

Á sama hátt verður að taka mið af því að í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar var það talið stuðla að uppbyggingu fjarskiptaneta fyrirtækja ef kveðið væri á um rétt þeirra til að fá aðgang að innanlandsreiki. Var þetta orðað með eftirfarandi hætti í málsgrein 328 í viðauka A með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

„.....Með því geta nýir og starfandi aðilar verið vissir um að Síminn geti ekki neitað þeim um sanngjarnan og nauðsynlegan heildsöluaðgang að farsímaneti sínu og þjónustu. Það er nauðsynlegt fyrir nýja aðila að fá aðgang að GSM farsímaneti Símans til að samkeppni í uppbyggingu fjarskiptaneta sé möguleg. Samhýsing og samnýting dregur úr kostnaði við að byggja upp nýtt farsímanet, aðgangur fyrir innanlandsreiki veitir nýjum aðilum möguleika til að bjóða farsímaþjónustu með næga útbreiðslu án þess að þurfa að byggja upp landsdekkandi farsímanet. Slík aðgangsform draga úr beinum aðgangshindrunum að markaði og hvetja mögulega þjónustuaðila til aukinna fjárfestinga.“

Til að ofangreint markmið um að fyrirtækjum verði gert kleift að byggja upp sitt eigið farsímanet og þar með hvetja mögulega þjónustuaðila til aukinna fjárfestinga verða fyrirtæki að fá eðlilegt og sanngjarnt svigrúm til að byggja upp sig eigið net á þeim svæðum sem þau hafa gert samning við Símann um að reika á, án þess að sú hætta skapist að Síminn geti lokað fyrir þá farsímasenda í reiki með þeim afleiðingum að útbreiðslusvæði viðsemjanda verður hugsanlega minna en fyrir uppbyggingu. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar verða viðsemjendur Símans að fá eðlilega tíma og jafnframt tækifæri til að byggja upp sitt eigið net

á svæðinu, áður en Síminn getur gripið til þeirra „úrræðna“ að loka fyrir reiki á einstökum sendum fyrirtækisins sem skarast við uppsetta senda viðsemjanda.

Í skilmálum Símans er sett það viðmið að sendir Símans sem slökkt sé á sé að lágmarki í 25 km fjarlægð (radíus) frá hinum nýja sendi. Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt og að það horfi jafnframt til einföldunar að sett séu viðmiðunarmörk með þeim hætti sem Síminn hefur hér gert. Hins vegar getur slík þumalputtaregla í einhverjum tilvikum virkað ósanngjörn og óbilgjörn og þá hugsanlega í andstöðu við framangreind meginmarkmið. Í fyrsta lagi geta aðstæður á hverju svæði fyrir sig verið misjafnar m.t.t. mögulegrar útbreiðsla frá hinum nýja sendi og þar með hvort íbúar eða þeir sem fara um viðkomandi svæði fái þjónustu frá hinum nýja sendi. Í öðru lagi getur reglan virkað full ósveigjanleg í sumum tilvikum, t.d. með tilkomu langdrægra farsímasenda getur sú aðstaða skapast að útbreiðsla frá sendum nái langtum lengra en þessi 25 km viðmiðunarmörk sem skilmálinn áskilur sem viðmið Símans við lokun senda í reiki, sbr. einnig tillaga Símans um rétt kunni að vera að endurmeta 25 km regluna. Póst- og fjarskiptastofnun telur því einnig nauðsynlegt að til viðbótar 25 km reglunni sé einnig kveðið á um að Síminn og viðsemjandi hans geti hvor um sig farið fram á mælingu á útbreiðslu þjónustu frá hinum nýja sendi og hvernig hún skarast inn á reikisvæði í þeim tilgangi að meta hvort um sé að ræða heimasvæði eða reikisvæði. Við slíkar mælingar telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að styðjast við sömu viðmiðanir og tilgreindar voru í útboðsgögnum fjarskiptasjóðs í útboði á GSM 2, sbr. eftirfarandi:

„Miða skal við að svæði teljist dekkjað þegar komin er á farsímaþjónusta þar sem GSM samband næst milli farsíma og sendis og áfram um GSM kerfi og við önnur símakerfi og hljómgæði eru góð, hægt sé að hefja samband, sviðstyrkur og gæði GSM merkis og móttökustyrkur er yfir viðmiðunarmörkum. Nánar tiltekið þá skal meðal annars:

- *Móttökustyrkur (Rx level, sviðstyrkur) vera jafn og eða meiri en -94dBm.*
- *“Bit error rate” (BER) vera minna en 6,4%*

Gildi Rx sviðstyrks miðast við mælingu styrks í um 1,5m hæð frá jörðu, utandyra og með loftneti staðsettu á miðju þaki fólksbifreiðar og þar fest með segulfestingu eða annarri óleiðandi festingu. Loftnet mælitækis skal vera með 0dB mögnun. Miðað er við að deyfing merkis á leið frá loftneti í mælitæki sé 1dB þannig að mælt gildi sýni 1dB lægra gildi en raunstyrk merkis. Það er að töp í loftnetskapli, tengingu við mælitæki og í mælitækinu sjálfu séu samanlagt 1dB. Séu töp minni eða meiri í mælabúnaði seljanda skal hækka eða lækka viðmiðunarmörk.“

Skv. upplýsingum frá sérfræðingum fjarskiptasjóðs eru ofangreindar kröfur þær lágmarkskröfur sem gerðar eru miðað við notkun GSM farsíma í bifreið.

Viðmið fjarskiptasjóðs um lágmarkskröfur vegna notkunar innanhúss er að móttökustyrkur (Rx level, sviðstyrkur) skal jafn eða meiri en -70 dBm og “Bit error rate” (BER) vera minna en 6,4 % miðað við þá mæliaðferð sem lýst er hér að ofan.

Þá verður að hafa í huga að þó svo að viðsemjandi eigi rétt á reiki, þegar hans eigin neti sleppir, verður að telja eðlilegt að gera ráð fyrir einhverjum vikmörkum. Þannig að Símanum

verði ekki gert skylt að viðhalda reiki í þeim tilvikum þar sem viðsemjandi er einungis í óverulegu mæli að nýta sér útbreiðslu frá tilteknum sendi fyrirtækisins. Með tilliti til þessa telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að stuðst sé við þá reglu að ef mælingar sýna að uppsettur sendir viðsemjanda uppfyllir þau tæknilegu viðmið sem lýst er hér að ofan og útbreiðsla frá honum nær til a.m.k. 90% af útbreiðslusvæði frá tilteknum sendi Símans skal fyrirtækinu vera heimilt að loka fyrir reikjaðgang á þeim tiltekna sendi. Eftir það telst viðkomandi svæði til heimasvæðis viðsemjanda.

Mun skilmála 3.3. verða breytt með tilliti til framangreindra sjónarmiða. Tilvísun í sviga um verð fyrir reikjaðgang í núverandi 2. mgr. verður einnig breytt til samræmis við niðurstöðu í kafla 4.1.5. Orðalag skilmálans eftir þessar breytingar mun því í heild sinni hljóða svo:

„Hafi viðsemjandi í hyggju að stækka farsímanet sitt (GSM eða UMTS) þannig að heimasvæði hans fari inn á skilgreint reikisvæði Símans samkvæmt viðauka 3, leiðir það til endurskoðunar á reikisvæði Símans. Þannig áskilur Síminn sér rétt til að fella niður reiki á þeim sendum Símans, sem lenda innan nýs heimasvæðis viðsemjanda, þ.e. sendar staðsettir á þjónustusvæði nýs sendis viðsemjanda, þó að lágmarki í 25 km fjarlægð (radius) frá hinum nýja sendi.

Þó getur hvor aðili um sig við mat á því hvort þjónustusvæði teljist til heimasvæðis eða reikisvæðis krafist þess að útbreiðsla hins nýja sendis sé mæld til að hægt sé að ákvarða hvort viðkomandi svæði skuli teljast til heimasvæðis viðsemjanda eða reikisvæðis.

Síminn áskilur sér rétt til að loka fyrir reikjaðgang viðsemjanda á tilteknum sendi að því uppfylltu að útbreiðsla viðsemjanda samsvari a.m.k. 90% af útbreiðslu Símans bæði á þjóðvegum og á götum í þéttbýli.

Með útbreiðslu er átt við að komin er á farsímaþjónusta þar sem GSM samband næst milli farsíma og sendis og áfram um GSM kerfi og við önnur símakerfi og hljómgæði eru góð, hægt sé að hefja samband, sviðstyrkur og gæði GSM merkis og móttökustyrkur er yfir viðmiðunarmörkum. Nánar tiltekið þá skal meðal annars eftirfarandi vera uppfyllt:

- **Útbreiðsla á þjóðvegum:** Móttökustyrkur (Rx level, sviðstyrkur) mældur á þjóðvegum skal vera jafn og eða meiri en -94dBm og “Bit error rate” (BER) vera minna en 6,4% gildi Rx sviðstyrks miðast við staðsetningu loftnets á miðju þaki fólksbifreiðar og þar fest með segulfestingu eða annarri óleiðandi festingu. Loftnet mælitækis skal vera með 0dB mögnun. Miðað er við að deyfing merkis á leið frá loftneti í mælitæki sé 1dB þannig að mælt gildi sýni 1dB lægra gildi en raunstyrk merkis. Það er að töp í loftnetskapli, tengingu við mælitæki og í mælitækinu sjálfu séu samanlagt 1dB. Séu töp minni eða meiri í mælubúnaði seljanda skal hækka eða lækka viðmiðunarmörk.
- **Útbreiðsla í þéttbýli:** Móttökustyrkur (Rx level, sviðstyrkur) mældur á götum í þéttbýli skal vera jafn og eða meiri en -70dBm og “Bit error rate” (BER) vera minna en 6,4% Gildi Rx sviðstyrks miðast við mælingu styrks í um 1,5m hæð frá jörðu, utandyra. Loftnet mælitækis skal vera með 0dB mögnun. Miðað er við að deyfing merkis á leið frá loftneti í mælitæki sé 1dB þannig að mælt gildi sýni 1dB lægra gildi en raunstyrk merkis. Það er að

töþ í loftnetskapli, tengingu við mælitæki og í mælitækinu sjálfu séu samanlagt 1dB. Séu töþ minni eða meiri í mælabúnaði seljanda skal hækka eða lækka viðmiðunarmörk.

Verð fyrir reikiaðgang eru háð fjölda senda sem viðsemjandi hefur reikiaðgang að. Verð breytast í þrepum miðað við fjölda senda. Nánari útfærsla verðskrár fyrir reiki er skýrð í viðauka 1 og í viðauka 10 fyrir þá senda sem settir eru upp skv. samningi við Fjarskiptasjóð.

Við það er miðað að viðsemjandi geti fyrirfram óskað upplýsinga um þau áhrif sem tilteknar breytingar á heimasvæði hans hafa á reikisvæði og reikiverð Símans. Síminn mun upplýsa um áhrif slíkra breytinga á reikisvæði og reikiverð eins fljótt og kostur er, miðað við að magn slíkra fyrirspurna sé innan eðlilegra marka.

Hyggist viðsemjandi gera breytingar á heimasvæðum sínum sem hefur áhrif á reikisvæði hans, skal það tilkynnt Símanum með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara (sjá nánar gr. 1.1. í viðauka 6).“

3.11 Grein 3.4. Færanlegar-/bráðabirgðastöðvar

„Síminn mun að öllu jöfnu setja upp og sjá um rekstur bráðabirgðastöðva þar sem og þegar tilefni gefst til þess að mati Símans. Viðsemjandi hefur ekki heimild til að setja upp bráðabirgðastöð á reikisvæði Símans.“

3.11.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Vodafone gerði athugasemd við einhliða heimild Símans til að setja upp bráðabirgðastöðvar og telja eðlilegt að viðsemjandi hafi heimild til að setja upp bráðabirgðastöðvar í þeim tilvikum sem Síminn geri það ekki. Jafnframt telur fyrirtækið eðlilegt að allar slíkar stöðvar verði skilgreindar með slitlausu reiki þar sem því verði komið við með samfelli við aðra senda innan reikisvæða.

3.11.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum sínum ítrekar fyrirtækið það sem fram kemur í viðmiðunartilboðinu að Síminn setji upp bráðabirgðastöðvar innan reikisvæða Símans þar sem þörf er á hverju sinni. Telur Síminn óeðlilegt að viðsemjendur sem samið hafa um reiki við fyrirtækið á tilteknum svæðum geti á sérstökum álagspunktum, t.d. útihátíðum, sett upp eigin senda og fleytt tjómann af tekjum ársins en nýtt sér reikisamning Símans á öðrum tímum.

3.11.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Fyrri hluti vísar til þess að Síminn muni að öllu jöfnu setja upp og sjá um rekstur bráðabirgðastöðva. Má því halda því fram að í einhverjum tilvikum geti viðsemjandi sett upp bráðabirgðastöð. Seinni setningin er hins vegar mun afdráttarlausri þar sem fram kemur að viðsemjandi hafi ekki heimild til að setja upp bráðabirgðastöð á reikisvæði Símans.

Póst- og fjarskiptastofnun sér engin rök til þess að Síminn hafi hagsmuni af því að vera ekki með nægan sendistyrk á einhverju tilteknu svæði t.d. vegna útihátíðar. Þar sem farsímasendir getur ekki valið úr viðskiptavini einhvers tiltekins símafyrirtækis né veitt þeim forgang hafi á annað borð verið opnað fyrir almennan aðgang. Komi það í ljós að Síminn bregðist ekki

ítrekað við uppsetningu á nauðsynlegum bráðabirgðastöðvum til að koma til móts við tímabundnar þarfir verður að ætla að viðsemjendur geti brugðist við því með uppsetningu færanlegrar farsímastöðvar í samvinnu við Símans.

Færanlegar bráðabirgðastöðvar Símans skulu vera eins upp settar og aðrar stöðvar í innanlandsreiki og samið hefur verið um á milli aðila þ.á.m. um slitlaust reiki.

Með vísun til ofangreinds er ekki ástæða til að gera breytingar á þessum skilmála viðmiðunartilboðsins.

3.12 Grein 4.1.3. Verðbreytingar

„Síminn getur gert verðbreytingar á reikiþjónustu og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara. Jafnframt áskilur Síminn sér rétt til breytingar á verðlagningu fyrir reiki, háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi fær reikiaðgang að, sjá nánar töflu 1 í viðauka 1.“

3.12.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Vodafone gerir athugasemd við að Síminn geti gert verðbreytingar með 30 daga fyrirvara og telur að það felist í kvöðum á markaði 15 að verðlagning eigi að vera gagnsæ. Jafnframt feli kvöð um eftirlit með gjaldskrá það í sér að verð skuli byggja á kostnaði. Símanum sé því ekki heimilt að gera verðbreytingar með svo skömmum fyrirvara, án þess að sýna fram á breytingar á kostnaði og án þess að viðsemjendur hafi eitthvað um það að segja.

Í athugasemdum Nova kemur fram að ákvæðið feli í sér einhliða rétt Símans til að hækka verð á reikiþjónustu og annarri þjónustu samkvæmt samningi með 30 daga fyrirvara. Ákvæðið geri það að verkum að viðsemjandi hafi enga tryggingu fyrir því að verð haldi. Auk þess þurfi að gera kröfu til rökstuðnings fyrir hækkun. Leggur fyrirtækið til að ákvæðið verði orðað með eftirfarandi hætti:

„Leiði efnidir samnings þessa til aukins kostnaðar fyrri Símann er honum heimilt að gera verðbreytingar. Símanum ber að tilkynna viðsemjanda um fyrirhugaðar breytingar með þriggja mánaða fyrirvara hið minnsta og ber honum um leið að upplýsa hvernig endurskoðun verðs fer fram, sbr. 1. mgr. 15. gr. reglan nr. 94/2002.

Síminn getur gert verðbreytingar til lækkunar á reikiþjónustu og annarri þjónustu samkvæmt samningnum án fyrirvara.“

Þá bendir fyrirtækið á eftirfarandi gjaldskrákvöð sem hvílir á Símanum á markaði 15. „Til að fylgjast með breytingum á heildsölugjaldskrá setur PFS það skilyrði að öll ný heildsöluverð Símans og breytingar á þeim séu tilkynnt til PFS. Ný heildsölugjaldskrá öðlast ekki gildi nema með fyrirfram samþykki PFS“ Telur Nova að af þessu megi ljóst vera að Síminn geti ekki breytt verði nema fyrir liggi samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar.

3.12.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 4.2.3. í viðmiðunartilboði Símans um RIO, sem einnig kveður á um 30 daga fyrirvara varðandi verðbreytingar. Ákvæðið ber að túlka í

samræmi við þá kvöð sem hvílir á Símanum á þessum markaði. Í athugasemdum Nova er vakin athygli á gjaldskrárkvöð sem hvílir á Símanum. Í viðauka A, málsgrein 417, með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 er sagt til um hvernig fyrirtækið eigi að standa að verðbreytingum, þar segir:

„Til að fylgjast með breytingum á heildsölugjaldskrá telur PFS rétt að setja það skilyrði að öll ný heildsöluverð Símans og breytingar á þeim skulu vera tilkynnt til PFS. Ný heildsöluverð öðlast því ekki gildi nema með fyrirfram samþykki PFS. Sé heildsölugjaldskrá byggð á smásölugjaldskrá Símans er nauðsynlegt að gjaldskrárnar breytist samtímis.

Með vísun til þess skal skilmálinn orðast með eftirfarandi hætti:

„Síminn getur gert verðbreytingar á reikiþjónustu og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara hafi fyrirtækið tilkynnt breytingarnar fyrirfram til Póst- og fjarskiptastofnunar og fengið fyrir þeim samþykki. Jafnframt áskilur Síminn sér rétt til breytingar á verðlagningu fyrir reiki, háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi fær reikiaðgang að, sjá nánar töflu 1 í viðauka 1.“

3.13 Grein 4.1.4. Greiðsluábyrgð

„Síminn áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætlaðri reikinothkun þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meir en áætluð notkun getur Síminn óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.“

3.13.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone er því mótmælt að viðsemjanda verði gert að láta í té greiðsluábyrgð sem samræmist áætlaðri reikinothkun í þrjá mánuði fram í tímann enda telur fyrirtækið að það fyrirkomulag sem sé á kaupum á reiki sem Síminn er með í viðmiðunartilboðinu sé með öllu óásættanlegt (frekari athugasemdir í viðauka 1)

Í athugasemdum Nova er einnig lýst andstöðu við ákvæði um greiðsluábyrgð. Bendir fyrirtækið á að í viðauka 1 sé kveðið á um að viðsemjandi skuli greiða óafturkræft lágmarksgjald fyrir 6 mánuði við undirskrift samnings með því hafi Síminn nægilega tryggingu og ósanngjarnt sé fyrir viðsemjanda að leggja hugsanlega einnig til þriggja mánaða greiðsluábyrgð. Síminn þurfi ekki tvöfalda tryggingu greiðslna. Ef Póst- og fjarskiptastofnun fellst á með Nova að ákvæði um lágmarksgjöld eigi ekki rétt á sér væri eftir atvikum unnt að fallast á hóflegt ákvæði um greiðsluábyrgð.

3.13.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans, dags. 4. febrúar kemur fram að fyrirtækið telur eðlilegt að óska eftir greiðsluábyrgð í því samningssambandi sem um ræðir. Síminn hafi þá skyldu að semja við þau farsímafyrirtæki sem óska eftir aðgangi. Viðsemjandi fái aðgang að kerfum Símans og geti myndast verulega há viðskiptaskuld hjá viðsemjanda við Símann. Verði því að telja eðlilegt að Síminn geti verndað sig fyrir tapi ef viðsemjandi geti ekki staðið í skilum.

3.13.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt eins og hér stendur á að Síminn geti óskað eftir greiðsluábyrgð í samræmi við áætlaða reiknotkun þrjá mánuði fram í tímann. Miðað við umfang þeirra viðskipta sem geta orðið á milli Símans og viðsemjanda er eðlilegt að fyrirtækið hafi þann möguleika að kalla eftir greiðsluábyrgð kjósi það svo. Þá má og benda á að sambærilegt ákvæði hefur og verið í Noregi í hliðstæðu viðmiðunartilboði um innanlandsreiki, sbr. grein 7 í hinu norska tilboði. Hvað varðar athugasemd Nova um tvöfalda tryggingu vísast til kafla 4.1.5. þar sem fjallað er m.a. um verðlagningu fyrir reiki.

3.14 Grein 6.1 Tilkynning um vanefndir

„Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar“

3.14.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Nova kemur fram að ákvæðið veiti Símanum ríkan riftunarrétt. Telur fyrirtækið að Símanum beri fyrst skylda til að krefjast úrbóta, ellegar að samningi kunni að verða rift í samræmi við ákvæði 6.2.

3.14.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Ekki verður annað séð en að um misskilning af hálfu Nova sér að ræða, en samkvæmt orðalagi skilmálans er hér aðeins verið að hnykkja á tilkynningaskyldu samningsaðila um að þeir láti vita með sannanlegum hætti ef þeir telja að gagnaðili sé að vanefna samninginn. Slík framkvæmd er að mati Póst- og fjarskiptastofnunar til þess fallinn að allur ágreiningur kemur með sannanlegum hætti strax upp á yfirborðið og er einnig til þess fallinn að eyða hugsanlegum misskilningi um framkvæmdir og fyrirætlanir gagnaðila. Þá er einnig þess að geta að sambærilegt ákvæði er í grein 6 í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímaneta.

3.15 Grein 6.2 Riftun

„Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum*
- b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldprotaskipti á búi hans; eða*
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi reka til óviðráðanlegra atvika.*
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.*
- e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.*
- f) Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.*
- g) Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.“*

3.15.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Nova gerir athugasemd við það að ákvæðið heimili riftun þegar í stað. Telur fyrirtækið að væntanlega sé hér átt við fyrirvaralausar riftun með tilheyrandi lokun fyrir aðgang án viðvörunar og án þess að nokkur tími gefist til að meta hvort þær ástæður sem Síminn notar fyrir riftun eigi við rök að styðjast. Geti þetta valdið meiriháttar óþægindum og tjóni hjá viðsemjanda. Nova leggur því til að Póst- og fjarskiptastofnun geri þá kröfu að ákvæðið hafi að geyma einhverskonar varnagla áður en til riftunar komi.

3.15.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Skilmálinn er samhljóða grein 6.1.1 í RIO Símans. Póst- og fjarskiptastofnun er ekki kunnugt um að þessu ákvæði hafi verið beitt með ósanngjörnum eða óbilgjörnum hætti af hálfu Símans. Í töluliðunum er kveðið á um tiltekna fresti allt eftir eðli vanefndanna. Þá er einnig rétt að skoða skilmálann í samhengi við skilmála 6.1. sem kveður á um að samningsaðila sé skylt að tilkynna gagnaðila um allar vanefndir. Ekki er því gert ráð fyrir því í viðmiðunartilboðinu að um fyrirvaralausar riftun geti verið að ræða með tilheyrandi lokunum eins og Nova heldur fram, sbr. einnig ákvæði 6.5. sem kveður á um rétt samningsaðila til að bæta fyrir vanefndir innan tiltekins frests.

Í ljósi ofangreinds er ekki ástæða til að gera breytingar á skilmálum tilboðsins um riftun.

3.16 Grein 6.3. Skaðabætur

„Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af samningsrofi, enda megj rekja samningsrof til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.“

3.16.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Nova bendir á að í ákvæðinu sé mælt fyrir um töluvert takmarkaða bótaskyldu Símans. Bótaskylda einskorðist til að mynda við ásetning eða stórkostlegt gáleysi og eigi aðeins við um beint tjón fjártjón en ekki t.d. rekstratap. Nova sé mótfallið ákvæði í þessa veru enda telur fyrirtækið að ávallt eigi að bæta sannað tjón, hvort sem um er að ræða beint eða óbeint fjártjón.

3.16.2 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Almennt gildir sú regla að aðilar geta með samningi sína á milli takmarkað bótaábyrgð sína. Ábyrgðartakmörkun getur lotið að því, að samningsaðili bætir ekki tjón, sem orsakast með tilteknum hætti eða hann takmarkar ábyrgð sína við tilteknar afleiðingar tjóns eða undanskilur einhverjar afleiðingar, jafnframt því sem hann getur bundið ábyrgð sína við ákveðnar fjárhæðir. Í þessu tilviki er um það að ræða að skilyrði bótaábyrgðar eru þrengd miðað við það sem almennt gildir samkvæmt hinni svo kölluðu almennu skaðabótareglu, auk þess sem bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns.

Telur Póst- og fjarskiptastofnun að það geti verið eðlileg krafa af hálfu Símans, þegar horft er til þess að aðgangur að reiki getur falið í sér viðvarandi samnings samband til langs tíma, að takmarka bótaábyrgð sína frá því sem almennt gerist. Vernd viðsemjanda felst þá fyrst og fremst í því að takmörkunin fari ekki í bága ógildingarreglur laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936, einkum 36. gr. laganna sem kveður á um að heimilt sé að víkja samningi til hliðar, að hluta eða öllu leyti, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Með tilliti til meginreglunnar um samningsfrelsi er það hvorki hlutverk né á færi Póst- og fjarskiptastofnunar að endurskoða almennan samningsskilmála um takmörkun bótaábyrgðar, enda verði skilmálinn ekki talinn fela í sér aðgangshindrun í skilningi fjarskiptalaga. Slíkt mat er í höndum dómstóla.

3.17 Grein 7 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

„Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir leitast við að semja lausn hans sín á milli. Náist ekki samkomulag skal reka mál út af samningi þessum fyrri Héraðsdómi Reykjavík.“

3.17.1 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun lítur ekki svo á að Síminn geti takmarkað rétt viðsemjanda til að leita atbeina stofnunarinnar við að leysa úr ágreiningi sem hugsanlega kann að skapast vegna viðmiðunartilboðs Símans m.t.t. til fjarskiptalaga og gildandi kvaða á markaði 15. Sá réttur viðsemjanda er ótvírætt tryggður í 9 gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Einnig verður að líta til þess að á Símann og tengd félög s.s. Mílu hafa verið lagðar margvíslegar kvaðir vegna núverandi stöðu þessara fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk s.s. útgáfa viðmiðunartilboða. Öll eru þessi tilboð með einum eða öðrum hætti undir eftirlitsskyldu Póst- og fjarskiptastofnunar og stofnunin ber að yfirfara þessi tilboð og gera á þeim nauðsynlegar breytingar ef rök standa til þess. Vegna þessa er einnig mikilvægt að almenn ákvæði þessara tilboða sem snerta ekki beint þann sérstaka aðgang sem verið er að veita í hverju tilviki fyrir sig séu efnislega eins.

Þetta myndi einnig þýða að ef ástæða væri til að breyta þessum almennu ákvæðum þá myndu þær breytingar einnig ná til sambærilegra ákvæða í öðrum tilboðum, nema efnisleg rök stæðu til þess að orðalag væri ekki eins.

Með vísun í ofangreind er ákvæðinu breytt til samræmis við ákvæði 14 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta útgáfu 3.4.-A.

„Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.“

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.“

3.18 Grein 8 Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings

[...]

„Breytingar á reikisvæði eða uppsögn þjónustu á ákveðnu reikisvæði er framkvæmd tvisvar á ári, í mars og október ár hvert. Hyggist viðsemjandi breyta reikiaðgangi sínum, skal það ávalt tilkynnt með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara, sjá nánar í viðauka 1. Skal viðsemjandi upplýsa Símann um hvenær nýir sendar hans verða virkir og eins ef sendar verða teknir úr notkun og áskilur Síminn sér rétt til að miða verðbreytingar við þann tíma, eða þegar Símanum berst með öðrum hætti vitneskja um virkar breytingar á farsímaneti viðsemjanda, þó tilkynning þar um hafi ekki borist frá viðsemjanda.

Nánari ákvæði um gildistöku einstakra þátta er að finna í viðauka 7.“

Ákvæðið í viðauka 7 hljóðar svo:

„Reiki viðskiptavina viðsemjanda á reikisvæði Símans skal almennt verða virkt þegar lokið er samtengingu neta og skal unnið að því eins fljótt og kostur er. Sama gildir varðandi nýjar farsímastöðvar sem viðsemjandi semur um reikiaðgang að sbr. Viðauka 1 gr. 3.“

3.18.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að óhæft sé að breytingar á reikisvæðum eða uppsögn þjónustu á ákveðnu reikisvæði sé einungis framkvæmd tvisvar á ári eins og gert sé ráð fyrir í 8. gr. Fer fyrirtækið fram á það að breytingar á reikiaðgangi séu tilkynntar með þriggja mánaða fyrirvara. Telur Vodafone að eðlilegt sé að brugðist sé við tilkynningum um breytingar eða uppsögn eigi síðar en í lok þess fyrirvara sem settur er um tilkynninguna, annað hvort innan þriggja eða sex mánaða eftir því sem við á. Þá mótmælir Vodafone þeirri kröfu að viðsemjandi eigi að upplýsa Símann um hvenær nýir sendar verða virkir og eins ef sendar eru teknir úr notkun. Að mati fyrirtækisins varða slíkar upplýsingar um uppbyggingu farsímasenda mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem ekki er hægt að skylda viðsemjanda til að gefa upp. Einu upplýsingarnar sem skylt eigi að vera að senda séu tilkynningar um uppsögn eða breytingar á reikisvæði.

3.18.2 Sjónarmið Símans

Í umsögn sinni telur Síminn að mikilvægt sé fyrir fyrirtækið að hafa góðan fyrirvara varðandi upplýsingar um breytingar á reikiaðgangi til að hægt sé að aðlaga kerfi Símans að óskum viðsemjanda, bæði til fjölgunar og fækkunar á farsímastöðum í reiki. Upplýsingarnar séu einnig mikilvægar til að tryggja sé að kerfið hafi þá afkastagetu sem til þarf. Síminn þurfi að undirbúa fjárfestingar til stækkunar með löngum fyrirvara m.a. vegna innkaupa búnaðar og skipulagningar á uppsetningu. Skorti þessar upplýsingar geti ákvarðanir um stækkun og framþróun verið teknar á röngum forsendum sem leitt geti til verulegs umframkostnaðar sem óeðlilegt væri að Síminn þyrfti að bera í ljósi þeirra kvaða sem á honum hvíldu. Telur Síminn að 4 mánuðir sé hófleg krafa og fyllilega eðlileg.

3.18.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í 8. gr. skilmálana er kveðið á um að breytingar eða uppsögn þjónustu á ákveðnu reikisvæði sé framkvæmd tvisvar á ári, í mars og október og að breytingar skuli tilkynntar Símanum með

4 mánaða fyrirvara. Þessi frestur er í samræmi við þann frest sem settur er í skilmála 3.3. varðandi tilkynningar um breytingar á heimasvæði sem áhrif hafa á stærð reikisvæðis. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar væri æskilegast að þessi frestur væri samkomulagsatriði í hverju tilviki þar sem tekið væri mið af umfangi þeirra breytinga sem verið er að gera hverju sinni og tilkynningarfrestir miðaðir út frá því. Til að skapa nauðsynlega festu og stöðugleika og minnka líkur t.d. á að Síminn auki afkastagetu með tilheyrandi aukakostnaði á tilteknu reikisvæði, þar sem viðsemjendur hafa uppi áætlanir um að byggja upp sitt eigið heimanet, telur Póst- og fjarskiptastofnun eðlilegt og sanngjarnt að miðað sé við 4. mánaða tilkynningarfrest eins og fram kemur í skilmálanum. Fresturinn ætti að koma í veg fyrir ranga ákvarðanatöku hjá Símanum varðandi uppbyggingu fjarskiptanetsins. Stofnunin sér hins vegar engin rök til þess, fyrst kveðið er á um fjöggra mánaða tilkynningarfrest í skilmálanum, að samhliða sé einnig tiltekið að breytingar séu einungis framkvæmdar tvisvar á ári. Eðlilegast er að Síminn bregðist við þeim breytingum sem tilkynntar eru innan þess frest sem gefinn er í tilboðinu og/eða að viðsemjandi og Síminn komi sér saman um einhverja aðra tímasetningu sem hentar báðum aðilum varðandi þær breytingar sem gera þarf í kerfinu. Þá skiptir og máli í þessu sambandi að Síminn getur sent viðsemjanda reikning fyrir öllum beinum útlögðum kostnaði sem fyrirtækið verður fyrir vegna vinnu við breytingar á reikjaðgangi viðsemjanda.

Hvað varðar athugasemd Vodafone um að ekki beri að upplýsa um hvenær sendar verði virkir eða teknir í notkun þá telur Póst- og fjarskiptastofnun að ef ekki er tilkynnt um slíkt á svæðum sem kunna að skarast geti það aukið hættu á tæknilegum vandkvæðum s.s. truflunum. Þá verður ekki séð, eins og hér stendur á, að um mikilvægar viðskiptalegar upplýsingar sé að ræða. Viðsemjandi hefur þegar tilkynnt Símanum um uppsögn á reikiþjónustu með 4 mánaða fyrirvara á einhverju tilteknu svæði. Í uppsögn á reiki felst væntanlega að viðkomandi viðsemjandi ætli að byggja upp sitt eigið net á svæðinu. Upplýsingar um hvenær einstakir sendar innan reikisvæðis séu teknir í notkun eftir að tilkynning um uppsögn hefur verið send eru því tæplega viðskiptaleyndarmál. Slíkar upplýsingar er miklu fremur til þess fallnar að koma í veg fyrir tæknileg vandamál á milli kerfa. Þá verður heldur ekki horft fram hjá því að um er að ræða gagnkvæman rétt Símans til að loka fyrir reikjaðgang á sendum inni á heimasvæði viðsemjanda, sbr. umfjöllun í kafla 3.10.3. Verður að telja eðlilegt að Símanum gefist hæfilegur fyrirvari til að virkja rétt sinn hvað þetta varðar.

Með vísun til ofangreinds er 1. ml. 3. mgr. skilmála 8 feldur niður. Málsgreinin hljóðar því á eftirfarandi hátt:

„Hyggist viðsemjandi breyta reikjaðgangi sínum, skal það ávalt tilkynnt með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara, sjá nánar í viðauka 1. Skal viðsemjandi upplýsa Símann um hvenær nýir sendar hans verða virkir og eins ef sendar verða teknir úr notkun og áskilur Síminn sér rétt til að miða verðbreytingar við þann tíma, eða þegar Símanum berst með öðrum hætti vitneskja um virkar breytingar á farsímaneti viðsemjanda, þó tilkynning þar um hafi ekki borist frá viðsemjanda.“

4 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðauka viðmiðunartilboðsins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem snúa að einstökum viðaukum tilboðsins, hafi þær ekki áður fengið umfjöllun í tengslum við hin almennu ákvæði.

4.1 Viðauki 1 grein 2 Verð fyrir aðgengi að landsbyggðarreikisvæði Símans

„Óafturkræft lágmarksgjald fyrir 6 mánaða reikiaðgang skal greitt við undirritun samnings og síðan hálfárslega. Gjaldið er háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi fær í upphafi reikiaðgang að. Skal gjaldið síðan endurreiknað og innheimt hálfárslega, til samræmis við fjölda senda í reiki í upphafi nýs 6 mánaða tímabils. Miðast hálfárslegt lágmarksgjald þannig hverju sinni við þann fjölda senda sem viðsemjandi fær reikiaðgang að við greiðslu lágmarksgjaldsins. Um gjaldtöku vegna nýrra farsímastöðva á hverju hálfárs tímabili samningsins, fer skv. ákvæðum gr. 3 í viðauka 1.

Breytingar á fjölda senda í reiki og skilgreiningum reikisvæða er gerð tvisvar á ári í mars og október ár hvert. Óski viðsemjandi að gera breytingar á fjölda senda í reiki skal slík breyting tilkynnt með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara m.v. 1. mars eða 1. október. Að því uppfylltu, skal við það miðað að samráð og undirbúningur milli samningsaðila heffist og að breytingum megi ljúka í mars eða október ár hvert.

Fyrirvari er gerður um takmarkanir við tæknilega útfærslu, sbr. gr. 5 í viðauka 2.

Innifalið í þessu lágmarksgjaldi er tiltekinn fjöldi talmínútna á ári fyrir hvern sendi í reiki, háð fjölda þeirra, (sjá töflu 1). Viðsemjanda er heimilt að nýta hluta þessara talmínútna til gagnaflutnings (GPRS eða SMS), að teknu tilliti til mismunandi verðlagningar þessarar þjónustu m.v. tal, sbr. töflu 1 og gr. 4 og 5 í viðauka 1). Innifaldar talmínútur eru bundnar viðkomandi sendi. Þannig verða vannýttar innifaldar talmínútur á einum sendi ekki nýttar sem inneign á öðrum sendi.

Verði notkun viðsemjanda umfram innifaldar talmínútur á einhverjum sendum, skal hann greiða Símanum, skv. verðskrá í töflu 1, fyrir þá notkun sem umfram er.

Mínútagjaldið fyrir umfram notkun tekur breytingum og er háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi hefur reikiaðgang að hjá Símanum á hverjum tíma, sbr. nánari ákvæði í gr. 3.3. og töflu 1.

Í lok hvers mánaðar er gefinn út reikningur fyrir umfram umferð skv. ákvæðum 5. kafla samningsins, þegar um slíka umfram umferð er að ræða. Það gerist þegar notkun fer umfram innifaldar árlegar talmínútur á einhverjum sendi.

Mínútuverð fyrir reiki hvort sem er út úr reikisvæði (e. origination) eða inn í reikisvæði (e. termination), skal vera samkvæmt verðskrá í töflu 1.

Fjöldi senda	30-65	66-100	101-200
Grunngjald pr.sendi á ári	450.000	350.000	300.000
Innifaldar mínútur á ári pr. sendi	53.226	46.386	42.857
Mínútuverð umfram, innifalda notkun	9,20	8,2	7,7

Tafla 1.

Umferð sem ekki er hægt að tengja við ákveðinn sendi í reiki, skal reikningsfærð á því einingarverði sem gildir um umframnotkun. Þetta á t.d. við um umferð sem verður til við slitlaust reiki.

4.1.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone kemur fram að fyrirtækið geti á engan hátt gengist undir þau verð eða þær kröfur sem þar eru settar. Fyrir því færði fyrirtækið eftirfarandi ástæður. Í fyrsta lagi sé alveg óásættanlegt að viðsemjanda sé gert að greiða óafturkræft lágmarksgjald fyrir hvern sendi sem hann kaupir aðgang að. Þrátt fyrir að innifalið sé í grunngjaldinu ákveðin fjöldi mínúta þá séu vannýttar mínútur ekki endurgreiddar og ekki hægt að nýta þær sem inneign á öðrum sendi. Staðan gæti orðið sú að viðsemjandi sé ávallt að greiða meira en hann er að nota á hverjum tíma.

Í athugasemdum Nova er vikið að því að mikið hafi borið á milli í viðræðum aðila um verð fyrir reiknaðgang, hvort sem um var að ræða einingarverð eða lágmarksverð. Vegna þessa hafi verið undirrituð bókun vegna þessa þáttar í samningi aðila.

Nova telur í fyrsta lagi að forsendur þeirra gjalda sem Síminn krefur viðsemjendur sína um séu ógagnsæjar. Leiði það til þess að fyrirtæki geti á engan hátt gert sér grein fyrir hvernig gjöld eru reiknuð. Óásættanlegt sé að forsendur verðlagningar komi ekki fram í viðmiðunartilboði.

Í öðru lagi telur Nova að Símanum sé skylt að veita reiknaðgang án hafta og óeðlilegra takmarkana. Það þýði að Síminn skuli veita reiknaðgang gegn einingarverðum eingöngu og að hann hafi ekki heimildir til þess að fara fram á lágmarksgjöld óháð notkun. Í viðræðum aðila um þetta atriði hafi komið fram af hálfu Símans að erlend fordæmi væru fyrir lágmarksgjaldtöku af þessu tagi í sambærilegum samningum, þ.e. af hendi fyrirtækis sem skylt er að veita reiknaðgang. Síminn hafi hins vegar ekki bent á tiltekin dæmi og Nova hafi ekki fundið slík fordæmi. Þvert á móti virðist réttarframkvæmd t.d. í Noregi, benda til að Telenor væri óheimilt að gera kröfur af þessu tagi. Auk þess sem lágmarksgjöld komi sérstaklega hart niður á nýjum fyrirtækjum sem enga viðskiptavinum hafa í upphafi öfugt t.d. við Vodafone sem gæti hafa treyst sér til að samþykkja lágmarksgjöld með hliðsjón af viðskiptamannafjölda þeirra.

Nova telur á hinn bóginn að Símanum kunni að vera heimilt að beita afslætti af heildargjöldum gefi umfang viðskipta/umferðar tilefni til þess, en að grunni til beri Símanum að veita reiknaðgang gegn einingarverðum sem séu hin sömu um land allt. Sú skoðun sé byggð á því að Síminn hafi viðhaft föst einingarverð óháð staðsetningu sendis. Þá bendir Nova á að Síminn hafi sjálfviljugur byggt upp og rekið farsímasenda um allt land án þess að

gera ráð fyrir tekjum frá öðrum farsímafyrirtækjum í viðskiptaforsendum sínum. Telur Nova að með viðmiðunartilboðinu vilji Síminn auðsýnilega tryggja sér umtalsverða tekjuaukningu af rekstri farsímastöðva. Miðað við þau lágmarksverð sem sett eru fram í viðmiðunartilboðinu geti Síminn haft verulega tekjuaukningu af hverjum einasta sendi jafnvel án þess að á móti komi nokkur notkun. Þetta beri einnig að skoða í ljósi þess að við fjölgun á farsímafyrirtækjum sem þurfi á reiknaðgangi að halda snúist kvöð Símans upp í umtalsverðan tekjupóst og ekki sé sjáanlegt í viðmiðunartilboðinu að þessar auknu tekjur séu nýttar til að lækka reikigjöld.

Í þriðja lagi bendir Nova á það fordæmi sem kvaðir á Símann til að veita sýndaraðgang gefa. Í þeim kvörðum er skýrt kveðið á um svokallaða „35% retail minus“ aðferð fyrir sýndarfyrirtæki (MVNO aðila) með eigin kjarnabúnað en ekkert dreifikerfi. Í eigin dreifikerfi selji Síminn eina talmínútu á kr. 11,- með virðisaukaskatti. Ekki verði með nokkru móti séð hvernig Símanum geti verið stætt á að innheimta hærra verð en a.m.k. 35% lægra en þetta mínútuverð fyrir reiknaðgang, hvar svo sem notkun á sér stað, og án lágmarksgjalds. Augljóst sé af þessu að bæði einingarverð Símans í reiki og lágmarksgjald sé fullkomlega óraunhæft og í hróplegri andstöðu við þau kjör sem MVNO aðili getur gert kröfu til. Það sama gildi um verðlagningu gagnþjónustu, þ.e. GPRS/EDGE, en Síminn selji sjálfur GPRS á miklu lægra gjaldi til áskriftarviðskiptavina sinna heldur en fram séu sett í viðmiðunartilboði.

Í fjórða lagi vekur Nova athygli á verðþrepum sem gilda þegar sendum er fækkað þar sem reiknaðila sé refsað fyrir að fækka sendum niður í næsta flokk.

Í fimmta lagi telur Nova að Símanum sé ekki stætt á því að krefjast óafturkræfs lágmarksgjalds fyrir 6 mánaða reiknaðgang.

4.1.2 Sjónarmið Símans um verðlagningu fyrir reiki

Í athugasemdum Símans, dags. 4. febrúar er eftirfarandi umfjöllun um verðlagningu fyrir reiki.

„Verð fyrir reiknaðgang byggjast á kostnaðarforsendum, en óumdeilt er að afkoma af því að byggja upp senda á fáförnum stöðum langt frá byggð þar sem litlar tekjur er að fá er mun verri en í þéttbýli. Ef fjarskiptafyrirtæki óska eftir aðgangi að sendum á fáförnum stöðum verður að telja eðlilegt að þeir taki þátt í þeim kostnaði sem til fellur vegna þessara reikistöðva.

Mismunandi mínútuverð

Við útreikning mínútuverðs er reiknaður meðalkostnaður af þeim sendum sem viðsemjandi fær aðgang að, og eftir því sem sendar verða færri og óhagkvæmari í rekstri hækkar verðið sem því nemur.

Engar forsendur eru til þess að bera saman verð á fáum sendum á fáförnum stöðum og verðum sem byggja á heildarkostnaði við uppbyggingu á öllu landinu. Ef sama verð gildi fyrir alla senda þá væru viðskiptavinir Símans að niðurgreiða þjónustuna fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki.

Verðtafla

Til einföldunar hefur Síminn sett upp verðtöflu sem tilgreinir verð sem tekur mið af fjölda senda sem viðsemjandi fær aðgang að. Eftir því sem sendum fækkar hækka verðin þar sem reikna má með að fjarskiptafyrirtæki sjái sér einkum hag í að óska eftir reiki á þeim sendum sem óhagkvæmastir eru vegna kostnaðar við uppbyggingu og lítilla tekjumöguleika.

Ef sendar verða færri en 30 þarf að meta sérstaklega út frá kostnaðarforsendum þá senda sem viðsemjandi óskar eftir aðgangi að, þar sem meðaltals kostnaður getur verið mjög breytilegur eftir því um hvaða senda er að ræða.

Lágmarksgjald

Síminn telur eðlilegt að viðsemjandi sem óskar eftir reiki hjá Símanum og losnar þar með við verulegan kostnað við uppbyggingu eigin senda taki þátt í stofn- og rekstrarkostnaði við þessa senda. Það væri óeðlilegt að viðsemjandi gæti boðið sínum notendum sömu þjónustu í dreifðum byggðum með mun lægri tilkostnaði en Síminn og væri þjónustan því í raun niðurgreidd af viðskiptavinum Símans.

Síminn gerir því kröfur um að sá sem fær aðgang að sendum Símans greiði að lágmarki tilgreinda upphæð mánaðarlega óháð notkun. Síminn telur að lágmarksupphæð hafi verið stillt mjög í hóf þar sem m.a. hefur verið tekið tillit til þess að með fjölgun fjarskiptafyrirtækja á þessum markaði dreifist kostnaður á fleiri aðila og aukin hagkvæmni fæst með samnýtingu á því dreifikerfi sem Síminn hefur byggt upp. Einnig skiptir miklu máli við mat á lágmarksupphæð að öll umferð frá viðsemjanda gengur upp í umrædda lágmarksgreiðslu.“

4.1.3 Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 28. apríl 2008

Með bréfi, dags. 28. apríl 2008, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir forsendum Símans fyrir útreikningum á gjaldskrá fyrri innanlandsreiki. Í bréfi stofnunarinnar sagði m.a.:

„Vísað er í fund þann 10. mars s.l., sem haldinn var í húsakynnum Símans, þar sem farið var m.a. yfir forsendum fyrir verðlagningu reikis í viðmiðunartilboði Símans. Á fundinum var það skilningur fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn myndi skila inn til stofnunarinnar forsendum og útreikningum fyrirtækisins á verði fyrir reikiaðgang eins og það birtist í viðmiðunartilboðinu. Síminn hefur reifað þessar forsundur að hluta til munnlega á fundum s.s. þátttaka viðsemjanda í heildarrekstrarkostnaði hvers sendis þ.e. ákveðið grunnjald sem er óháð þeirri umferð sem fer um sendinn, sjónarmið um að verið sé að taka frá ákveðnar „resorsur“ fyrir fyrirtæki þannig að eðlilegt sé og sanngjarnt sé að fyrirtæki taki þátt í þeim kostnaði sem til fellur við rekstur farsímakerfisins.

Póst- og fjarskiptastofnun telur mikilvægt til að sátt geti skapast og hugsanlega friður á þessum tiltekna markaði að stofnunin fari yfir forsundur Símans eða eftir atvikum fái utanaðkomandi aðila til að fara yfir kostnaðartölur fyrirtækisins. Þessi afstaða byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd að í athugasemdum þeirra farsímafyrirtækja sem stofnuninni bárust eru gerðir fyrirvarar og alvarlegar athugasemdir við verðin og dregið í efa að þau byggi á raunkostnaði við að veita lögbundin aðgang að farsímakerfi fyrirtækisins. Þá verður einnig ekki dregin önnur ályktun af þeim athugasemdum sem bárust að litlar líkur séu á því að fyrirtæki nái saman um verðlagningu reikis. Einnig er rétt að vísa í niðurstöðu markaðsgreiningar á markaði 15, sem lauk með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar 5.

febrúar og var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2007 frá 3. júlí 2007. Í ákvörðun stofnunarinnar segir í kafla 7.4.1.5. kvöð um eftirlit með gjaldskrá, lið 389 segir:

„389. Ýmsar aðferðir koma til greina við eftirlit og ákvörðun um aðgangsverð. Skv. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. Við útreikninga á kostnaði getur PFS tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Við val á aðferð telur PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gefi kost á að niðurstaða fái á tiltölulega skömmum tíma, að hún leiði til niðurstöðu sem er eðlileg og sanngjörn á báða bóga og verðlagningar sem er ekki langt umfram raunverulegan kostnað, en tryggji jafnframt eðlilegan arð af fjárfestingum.“

Í lið 390 eru taldar upp helstu aðferðir sem beitt er við ákvörðun heildsöluverða s.s. sögulegur kostnaður, LRIC, verðsamanburður og smásöluverð mínus.

Þá kemur eftirfarandi fram í lið 391 og 392:

„391. Telja má að kostnaðargreining sé íþyngjandi skylda sem eingöngu skuli leggja á ef aðrar aðferðir duga ekki. Við kostnaðargreiningu er fundið út verð byggt á kostnaðarupplýsingum sem fengnar eru með kostnaðarlíkani og/eða –bókhaldi. Að skipta kostnaði niður á ákveðinn rekstur og þjónustu er flókið og erfitt verkefni sem leysa má á ólíkan hátt. PFS getur stuðst við LRIC aðferðina við kostnaðargreiningu en hún er viðurkennd aðferð m.a. af framkvæmdarstjórn ESB og ESA. Aðferðin tryggir gagnsæi og eftirlitsaðili er ekki háður upplýsingum úr bókhaldi fjarskiptafyrirtækis. Aðferðin er hins vegar kostnaðarsöm og getur verið tímafrek.

392. Við val á því hvaða aðferð er best að beita við ákvörðun aðgangsverða er mikilvægt að hafa í huga annars vegar hvaða aðferð er minnst íþyngjandi fyrir Símann og hins vegar að skapa ásætlanleg skilyrði fyrir fyrirtæki sem koma til með að óska eftir heildsöluáðgangi að GSM farsímaneti og þjónustu Símans. Aðgangsformin sbr. kafla 2.1. eru mismunandi og kalla á misjafnar aðferðir. Varðandi aðgang sem krefst ekki mikillar fjárfestingar s.s. endursala og sýndarnet, getur verið hentugt að reyna aðrar og einfaldari aðferðir en kostnaðargreiningu til að byrja með.“

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar er sérstaklega vikið að innanlandsreiki í lið 412 -414 og fjallað m.a. um forsendur kvaðar um innanlandsreiki og eftir hvaða sjónarmiðum skal fara varðandi verðlagningu þjónustunnar, þar segir:

„412. PFS telur að aðgangur fyrir innanlands reiki sé ein af grunnforsendum þess að aðilar geti keppt við Símann og Vodafone, þar sem mikilvægt er fyrir farsímafyrirtæki að geta boðið upp á þjónustu um allt land. Innanlandsreiki krefst meiri fjárfestingar en aðgangur fyrir sýndarnet og endursölu þar sem gert er ráð fyrir að farsímafyrirtæki sem óskar eftir innanlands reiki hafi byggt upp net í samræmi við skilyrði tíðnileyfis. Kostnaður við rekstur radíósenda er mismikill og fer að mestu eftir staðsetningu og þeirri umferð sem fer í gegnum hann. Kostnaðarverð fyrir innanlandsreiki er því háð staðsetningu á þeim sendum sem reikað er á og því erfitt að gefa eitt algilt aðgangsverð fyrir innanlands reiki. Að mati PFS er ekki hægt að reikna kostnað fyrir innanlands reiki, án þess að fyrir liggi nákvæmlega á hvaða svæðum aðili, sem óskar eftir aðgangi, ætlar að reika á. Þar af leiðandi telur PFS ekki tímabært að skylda Símann til að kostnaðargreina fyrr en fram hefur komið formleg beiðni

um innanlands reiki. PFS áskilur sér því rétt til að leggja skyldu á Símann um að kostnaðargreina verð fyrir innanlands reiki ef frjálsir samningar takist ekki.

413. Eins og fram kemur hér að ofan var gerð söguleg kostnaðargreining á hluta af radióstöðvum Símans í tengslum við ákvörðun PFS frá 10. nóvember 2003 um skilmála fyrir innanlandsreiki Vodafone í farsímaneti Símans, sbr. úrskurður Úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1/2004. Í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar fóru af stað samningaviðræður á milli Símans og Vodafone sem leiddu til samkomulags um innanlandsreiki sem undirritað var 2. mars 2005. Sá samningur sem undirritaður var tekur hins vegar mið af hagsmunum Vodafone og eftir atvikum hagsmunum Símans og þarf ekki endilega að henta öðrum aðilum sem rétt hafa á að óska eftir innanlandsreiki.

414. Komi til kostnaðargreiningar er það skoðun PFS að rétt sé að styðjast við sögulegan kostnað úr bókhaldi Símans varðandi kostnað fyrir reiki á einstökum svæðum. Slík greining yrði fljótlegasta aðferðin við að fá aðgangsverð fyrir innanlandsreiki auk þess sem nú þegar liggja fyrir upplýsingar um kostnað af uppbyggingu radiókerfis Símans á einstökum svæðum. Sé hins vegar komið LRIC módel fyrir rekstur GSM farsímanets Símans er æskilegra að styðjast við slík módel frekar en sögulegan kostnað.

Með hliðsjón af ofangreindu sem og þeim athugasemdum sem borist hafa um viðmiðunartilboð Símans, þar sem umsagnaraðilar hafa m.a. haldið því fram að gjaldskrá fyrir reikiaðgang sem er í viðmiðunartilboði Símans sé ekki byggð á raunkostnaði eins og áskilið er í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar. Vegna þessa telur stofnunin eðlilegt til að skapa traust á milli markaðsaðila að því er varðar verðlagningu á reiki að Síminn skili inn til stofnunarinnar rökstuðningi fyrir þeim verðum sem birtast í viðmiðunartilboðinu.

Ætla má að sú gjaldskrá sem birt er í viðmiðunartilboðinu sé gerð á grundvelli sögulegs kostnaðar í samræmi við áskilnað Póst- og fjarskiptastofnunar í greiningu á markaði 15 þar sem segir að „Komi til kostnaðargreiningar sé það skoðun PFS að rétt sé að styðjast við sögulegan kostnað úr bókhaldi Símans varðandi kostnað fyrir reiki á einstökum svæðum.“

Rétt er að taka fram að stofnunin lítur ekki svo á að umrædd kostnaðargreining komi í veg fyrir að fyrirtæki sem óska eftir aðgangi að farsímaneti Símans með reiki, geti nýtt sér rétt sinn til að semja við Símann um verð fyrir reikiaðgang, í samræmi við niðurstöður greiningar Póst- og fjarskiptastofnunar. Þessi afstaða byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd að fyrirtæki á markaði hafa þörf fyrir mismunandi viðtækan reikisamning, þar sem þau kunna að hafa undirgengist mismunandi skilyrði um uppbyggingu eigin nets, sbr. skilyrði tíðnileyfis. Fyrirtæki geta því á grundvelli niðurstöðu markaðsgreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar sent erindi með vísun til þess að ekki hafi náðst samkomulag við Símann um verð fyrir reiki. Póst- og fjarskiptastofnun væri því skyldug til að reikna út reikiverðin á grundvelli sögulegs kostnaðar fyrir öll þau fyrirtæki sem vísuðu málum til stofnunarinnar á þessu grunni, þar sem útgangspunktur yrði stærð þess svæðis sem óskað er reikiaðgangs að.

Póst- og fjarskiptastofnun telur á hinn bóginn að yfirferð stofnunarinnar á þeim sögulega kostnaðargrunni sem Síminn styðst við í verðlagningu sinni, sé til þess fallinn að skapa traust á milli markaðsaðila sem og að auka trúverðugleika viðmiðunartilboðsins í heild. Í ljósi þess má segja að Síminn hafi verulega hagsmuni af því að fá staðfestingu/yfirferð á þeim útreikningum sem liggja til grundvallar gjaldskrá fyrirtækisins á reikiaðgangi.

Í tilvitnuðu bréfi stofnunarinnar var einnig spurt út í lið 2 í viðauka 1. Þar sem kveðið er á um mismunandi grunnjald pr. sendi á ári, mismunandi fjölda af inniföldum mínútum sem og

mismunandi mínútuverð umfram innifalda notkun. Spurði stofnunin út í hvort þessi verðlagning færi eftir einhverjum tilteknum svæðum á landinu eða hvort eingöngu væri horft til fjölda senda óháð því hvar einstakur sendir væri staðsettur.

4.1.4 Nánar um forsendur verðlagningar Símans.

Eftir að hafa fengið ítrekað frest til að skila inn umbeðnum gögnum svaraði Síminn með bréfi, dags. 23. júní s.l. Í svarinu kemur fram að um frumkostnaðargreiningu sé að ræða og áskildi Síminn sér rétt til að fara í nákvæmari kostnaðargreiningu á gjaldskrá fyrir reikiþjónustu.

Í bréfi Símans var gert grein fyrir forsendum verðlagningarinnar á eftirfarandi hátt:

„Greindur er kostnaður á reikisendum á árinu 2006. Heildarfjöldi mínúta var fundinn annars vegar fyrir sendistöðvar og hins vegar fyrir miðlægt kerfi fyrir hvert landsvæði. Gengið var út frá því að fjöldi mínúta innkomandi og útfarandi símtala innan hvers landsvæðis sé hinn sami, einnig er gert ráð fyrir að mínútum á landsbyggðinni muni fækka með aukinni samkeppni. Síminn mun endurskoða kostnaðarskiptingu milli einstakra símtalategunda í næstu útreikningum og mun hafa til hliðsjónar aðferðarfræði sem almennt er tíðkuð af greiningarfyrirtækjum og erlendum fjarskiptafyrirtækjum.

Fundinn var rekstrarkostnaður og árgreiðsla fjárfestinga fyrir hvert landssvæði, reiknað er meðalverð mínútu með því að deila heildarfjölda mínútna í heildarkostnað fyrir hvert landssvæði. Gert er ráð fyrir 25% heildsöluálagningu ofan á rekstrarkostnað.

Á Vesturlandi er fjöldi sendistaða 5, á Vestfjörðum eru 17 sendistaðir, á Norðurlandi Vestra 13, Norðurland Eystra 13, Austurland 37 og 6 á Suðurlandi.

Mínútuverð eru eðlilega hæst á landsvæðum þar sem umferð er lítil, þ.e. nýtingin er minnst. Annar þáttur sem hefur mikil áhrif er fjarlægð frá Reykjavík og undirliggjandi leigulínukostnaður.

Gert er ráð fyrir að þegar reikiaðili hættir að reika sé það á svæðum þar sem umferð er mest og því mun mínútuverð viðkomandi svæðis hækka eftir því sem reikistöðum þar fækkar.

Við útreikning árgreiðslu er notað stofnverð fjárfestinga, tekið er tillit til mismunandi líftíma fjárfestingar og kostnaðar við fjárbindingu. Kostnaður við fjárbindingu er metin með WACC aðferðarfræði, reiknuð WACC-krafa á Símann í október 2007 var 14,8%

Teknar eru allar fjárfestingar fram til loka árs 2006 í GSM kerfinu sem viðkoma þessum rekstri þ.e. eru teknar fjárfestingar í t.d. VAS, Frelsi osfrv. Rökin fyrir því að nota alla fjárfestingu óháð því hvort eignin sé fullafskrifuð eru að búnaður er enn í fullri notkun og hann hefur oft verið tekin niður á einum stað og settur upp á öðrum til að lágmarka fjárfestingu. Þannig er kerfið hagkvæmara en annars og heildarfjárfesting (stofnverð) því lægri. Ný fjárfesting á tímabilinu er því öll vegna stækkunar og uppbyggingar á kerfinu. Til samanburðar er heildarfjárfesting (stofninn) hér 5,6 milljarðar króna samanborið við 7,5

milljarða króna mat OGF á GSM kerfi sínu sem er langtum minna kerfi en kerfi Símans. Stofnverð kann því að vera vanáætlað miðað við þessa aðferðarfræði.

Fundinn er meðalkostnaður pr. mín. miðað við ofangreindar forsendur og kostnaður fyrir hvern reiki stað framreiknaður með vísitölu neysluverðs til okt. 2007 þegar tilboð var sett fram. Meðalvísitala neysluverðs árið 2006 var 260,6 stig en 278,1 í október 2007“

Telur Síminn að sú verðlagning sem birtist í viðmiðunartilboðinu sé sanngjörn og byggi á kostnaði að viðbættri hæfilegri álagningu.

4.1.5 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Einingarverð

Í viðauka 1 „verð fyrir reiki“ setur Síminn fram tvenns konar einingarverð á mínútu fyrir reiki. Annars vegar afsláttarverð sem er háð ákveðnum fjölda af inniföldum mínútum á ári á hvern sendi, einnig er sérstaklega tekið fram í skilmálunum að innifaldar talmínútur á hverjum sendi verði ekki nýttar sem inneign á öðrum sendi. Hins vegar einingarverð sem tekur mið af niðurstöðu frumkostnaðargreiningu fyrirtækisins á kostnaði GSM reikisenda Símans, skipt eftir landsvæðum. Eins og leiða má líkum að er niðurstaða þeirrar frumkostnaðargreiningar mjög mismunandi eftir því á hvaða landssvæðum verið er að reika á. Allt frá 6, 83 kr. þar sem það er lægst og upp í 15,94 kr. þar sem það er hæst. Meðalkostnaður af öllum þeim sendum sem voru í úrtakinu var 8,20 kr.

Það er álit Póst- og fjarskiptastofnunar að þau einingarverð sem tiltekin eru í töflu 1 sem „mínútuverð umfram, innifalda notkun“ endurspegli þá niðurstöðu sem fram kemur í frumkostnaðargreiningu Símans á kostnaði við núverandi reikisenda fyrirtækisins. Telur Póst- og fjarskiptastofnun að ekki séu forsendur fyrir stofnunina að endurskoða frumgreininguna að svo stöddu. Til þess að það sé mögulegt krefst það ítarlegri og nákvæmari gagna frá Símanum. Slíkt verður auk þess ekki gert nema fyrir liggja nákvæmari óskir hvers viðsemjanda um hvar hann vilji reika, sbr. þau sjónarmið sem fram koma í niðurstöðu stofnunarinnar í greiningu á markaði 15, en þar segir m.a. í málsgrein 412 í viðauka A: „Kostnaður við rekstur radíósenda er mismikill og fer að mestu eftir staðsetningu og þeirri umferð sem fer í gegnum hann. Kostnaðarverð fyrir innanlandsreiki er því háð staðsetningu á þeim sendum sem reikað er á og því erfitt að gefa eitt algilt aðgangsverð fyrir innanlands reiki. Að mati PFS er ekki hægt að reikna kostnað fyrir innanlands reiki, án þess að fyrir liggja nákvæmlega á hvaða svæðum aðili, sem óskar eftir aðgangi, ætlar að reika á. Þar af leiðandi telur PFS ekki tímabært að skylda Símann til að kostnaðargreina fyrr en fram hefur komið formleg beiðni um innanlands reiki. PFS áskilur sér því rétt til að leggja skyldu á Símann um að kostnaðargreina verð fyrir innanlands reiki ef frjálsir samningar takist ekki.“

Jafnframt telur stofnunin æskilegt að framkvæmd kostnaðargreiningar vegna reikis sé skoðuð samhliða hugsanlegri kostnaðargreiningu á gjaldskrá fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang, en viðmiðunartilboð um slíkan aðgang liggja nú fyrir af hálfu Símans.

Póst- og fjarskiptastofnun telur einnig eðlilegt að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvert kostnaðarverð fyrir seldar reikimínútur eigi að vera ef viðsemjandi óskar eftir að reika á færri en 30 sendum. Helgast þetta fyrst og fremst af því að meðaltals kostnaður getur verið mjög

breytilegur eftir því um hvaða senda/svæði er að ræða. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að ef til þess kemur að farsímafyrtæki óski eftir því og eigi rétt til þess að fá reiknaðgang á höfuðborgarsvæðinu þá beri að semja um verð fyrir þann aðgang sérstaklega, enda hefur Síminn ekki tekið saman frumkostnaðargreiningu fyrir reiknaðgang á höfuðborgarsvæðinu þar sem ein af forsendum fyrirtækisins var að veita ekki aðgang að því svæði.

Mismunandi mínútuverð eftir fjölda senda

Stofnunin telur einnig rétt að leggja til grundvallar þá skiptingu á verðlagningu fyrir mínútur í reiki sem gert er í viðmiðunartilboðinu. Þannig verður áfram miðað við ákveðinn fjölda af sendum við uppgefið einingarverð. Þetta þýðir að einingarverð lækka eftir því sem sendar í reiki fjölga. Helgast þetta af því að ætla má að því færri sendar sem viðkomandi fyrirtæki þurfa reiki á þeim mun meira heimasvæði hefur fyrirtækið byggt upp. Ef gengið er út frá því að síðustu svæðin séu alltaf óhagkvæmust vegna kostnaðar við uppbyggingu og lítilla tekjumöguleika þá er eðlilegast að einingarverð taki mið af fjölda senda sem viðsemjandi óskar eftir reiknaðgangi að eins og áskilið er í viðmiðunartilboði Símans. Mismunandi mínútuverð fær einnig stoð í niðurstöðu frumkostnaðargreiningu Símans sem vísað er til hér að ofan.

Skilmálar

Í athugasemdum fjarskiptafyrirtækjanna eru gerðar athugasemdir við þá skilmála sem Síminn setur fram í tengslum við einingarverðin. Nova vísar m.a. til þess að Símanum sé skylt að veita reiknaðgang án hafta og óeðlilegra takmarkana og fyrirtækið hafi ekki heimildir til að fara fram á lágmarksgjöld óháð notkun, fyrirtækið telur einnig að lágmarksgjöld komi sérstaklega hart niður á fyrirtækjum sem hafa enga viðskiptavini.

Síminn telur aftur á móti að gjaldið sé eðlilegt þar sem viðsemjandi sem óskar eftir reiki hjá Símanum losni við verulegan kostnað við uppbyggingu eigin senda og eigi þ.a.l. að taka þátt í stofn- og rekstrarkostnaði við þessa senda. Telur fyrirtækið óeðlilegt að viðsemjandi geti boðið sínum notendum sömu þjónustu í dreifðum byggðum með mun lægri tilkostnaði en Síminn. Með því væri þjónustan í raun niðurgreidd af viðskiptavinum Símans.

Vegna þessa gerir Síminn þá kröfu að sá sem fái aðgang að sendum fyrirtækisins greiði að lágmarki tilgreinda upphæð mánaðarlega óháð notkun. Telur Síminn að lágmarksupphæð hafi verið stillt mjög í hóf þar sem m.a. hafi verið tekið tillit til þess að með fjölgun fjarskiptafyrirtækja á þessum markaði, kostnaður dreifist á fleiri aðila og aukin hagkvæmni fáiist með samnýtingu á því dreifikerfi sem Síminn hefur byggt upp. Þá telur Síminn að miklu skipti við mat á lágmarksupphæð að öll umferð frá viðsemjanda gangi upp í umrædda lágmarksgreiðslu.

Póst- og fjarskiptastofnun telur ekki loku fyrir það skotið að viðsemjandi með stóran notendahóp og mikil umsvif á reikisvæðum geti séð sér hag í því í krafti stærðar sinnar að greiða lágmarksupphæð óháð notkun í skiptum fyrir lægri einingarverð. Póst- og fjarskiptastofnun telur því ekki vera ástæðu til þess að hrófla við kjörum viðmiðunartilboðsins hvað þetta varðar.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur á hinn bóginn undir með Nova að umræddir skilmálar, þ.e. lágmarksgjald fyrir hvern sendi með inniföldum talmínútum á hverju ári, sem auk þess verða ekki nýttar sem inneign á öðrum sendi, geta verið aðgangshindrun sérstaklega fyrir nýja aðila á markaði sem ekki er með stóran notendahóp. Auk þess geta þessir skilmálar einnig leitt til þess að viðsemjendur almennt séu látnir greiða fyrir mínútur sem hafa í raun aldrei verið notaðar. Af þessu ástæðum telur stofnunin rétt að til viðbótar þeim skilmálum sem nú er að finna í viðmiðunartilboðinu sé einnig boðið upp á aðra verðskrá fyrir innanlandsreiki þar sem eingöngu verður tekið mið af raunverulegri notkun viðsemjanda. Gjaldskrá Símans tæki þá mið af þeim einingarverðum sem leiða má af niðurstöðu frumkostnaðargreiningar Símans. Með því móti er komið til móts við ný fyrirtæki á markaði sem eru að byrja uppbyggingu á farsímaneti og hafa eðli málsins samkvæmt fáa viðskiptavini sem og tryggt að fyrirtæki greiða einungis fyrir þær mínútur sem þau raunverulega nota í reiki á farsímaneti Símans og þá um leið ekki krafín um greiðslu fyrir þjónustu sem ekki hefur verið nýtt. Jafnframt verði miðað við sömu skiptingu varðandi fjölda senda og nú er gert í viðmiðunartilboði Símans. Þau einingarverð sem miðað verður við eru eftirfarandi:

Fjöldi senda	30-65	66-100	101-200
Mínútuverð	9,20	8,20	7,70

Telur stofnunin að þau verðbil sem sett eru miðað við fjölda senda nái með einföldum hætti þeirri grunnforsendu, sem fram kom í greiningu stofnunarinnar, að kostnaðar við rekstur radíósenda sé mismikill og fari að mestu eftir staðsetningu og þeirri umferð sem fer um hann. Þar sem þarfir fyrirtækja varðandi stærð reikisvæða eru mismiklar og þá um leið undirliggjandi kostnaður Símans við að mæta mismunandi þörfum, m.t.t. hvar verið er að reika, kemur eitt reikiverð ekki til greina að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Það er jafnframt mat Póst- og fjarskiptastofnunar að ofangreind verðlagning taki mið af hagsmunum beggja aðila og sé til þess fallinn að auka samkeppni á farsíamarkaði hér á landi, bæði varðandi þjónustuframboð sem og í uppbyggingu nýrra farsímaneta. Þá er hún einnig gagnsæ fyrir viðsemjendur í þeim skilningi að aðeins er greitt fyrir seldar reikimínútur í kerfi Símans, telur stofnunin að slíkt fyrirkomulag falli betur að því sem almennt viðgengst í fjarskiptaheiminum sem og í öðrum viðmiðunartilboðum Símans þ.e. að aðeins sé greitt fyrir raunnotkun eða það magn fjarskiptaumferðar sem raunverulega fer í gegnum kerfi samningsaðila.

Ef viðsemjandi velur þá leið að gera reikisamning á grundvelli raunverulegrar notkunar á þeim einingarverðum sem leiða má af niðurstöðu frumkostnaðargreiningar Símans verður ekki um aðrar greiðslu að ræða frá þeirra hendi til Símans. Verður að horfa til þess að Síminn hefur möguleika á grundvelli ákvæðis 4.1.4. í viðmiðunartilboði sínu að krefjast tryggingar vegna áætlaðrar notkunar á farsímaneti fyrirtækisins. Ætla verður að sú trygging sem fyrirtækið fer fram á að grundvelli þess ákvæði ætti að nægja til að mæta hugsanlegu tjóni vegna viðsemjanda sem getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gangvart Símanum á grundvelli samnings um innanlandsreiki.

Samkvæmt framangreindu telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að breyta skilmálum Símans á þá leið að viðsemjandi hafi val um það annars vegar, sbr. skilmála 2.1 viðaukans, að greiða mánaðarlega tiltekið lágmarksgjald fyrir ákveðinn fjölda af mínútum í skiptum fyrir lægri einingarverð og síðan einingarverð fyrir svo kallaða umfram notkun og hins vegar, sbr. skilmála 2.2 viðaukans, að greiða mánaðarlegt gjald fyrir raunverulega notkun, þ.e. heildarfjölda notaðra mínútna, í samræmi við þau einingarverð sem gilda um umframnotkun án þess að um nokkur lágmarksgjöld sé að ræða. Telur Póst- og fjarskiptastofnun að þessi

breyting sé til þess fallin að greiða fyrir að frjálsir samningar náist á milli viðsemjanda og Símans um verðlagningu fyrir reiki eins og ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á markaði 15 gerir ráð fyrir. Leiðir það jafnframt til þess að minni líkur eru til þess að kostnaðargreina þurfi reikiverð hvers einstaks viðsemjanda eftir því á hvaða svæðum viðkomandi fyrirtæki óskar eftir að reika á.

Um tilkynningar vegna breytinga á heimasvæði sem áhrif hafa á reikisvæði viðkomandi viðsemjanda vísast til umfjöllunar í kafla 3.18. Tímasetningar sem miða við mars og október eru því felldar út.

Með vísun til ofangreinds skal liður 2 í viðauka 1 verð fyrir aðgengi að landsbyggðarreikisvæði (innanlandsreiki) orðast á eftirfarandi hátt:

„2. Verð fyrir aðgengi að innanlandsreiki Símans

2.1. Almenn

Viðsemjandi gefst kostur á að velja á milli tveggja leiða hvað varðar verð og skilmála og getur með 6 mánaða fyrirvara óskað eftir að færa sig á milli flokka (skv. tl. 2.2 og tl. 2.3) sem lýst er hér að neðan.

Óski viðsemjandi að gera breytingar á fjölda senda í reiki skal slík breyting tilkynnt með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara. Að því uppfylltu, skal við það miðað að samráð og undirbúningur milli sammingsaðila hefst.

Fyrirvari er gerður um takmarkanir við tæknilega útfærslu, sbr. gr. 5 í viðauka 2.

Í lok hvers mánaðar er gefinn út reikningur fyrir umfram umferð samkvæmt lið 2.2 eða heildarfjölda mínútna samkvæmt lið 2.3., sbr. 5. kafla sammingsins.

Mínútuverð fyrir reiki hvort sem er út úr reikisvæði (e. origination) eða inn í reikisvæði (e. termination), skal vera samkvæmt verðskrá í töflu 1 og 2.

Semja skal í hverju tilviki fyrir sig ef viðsemjandi óskar eftir að reika á færri en 30 sendum. Á sama hátt skal semja sérstaklega um verð fyrir aðgang að reiki á höfuðborgarsvæðinu þar sem neðangreint verð (tafla 1 og 2) miðast eingöngu við reiki á landsbyggðinni.

2.2 Lágmarksgjald með innfaldri notkun og mínútuverð greitt af umframnotkun.

Óafturkræft lágmarksgjald fyrir 6 mánaða reikiaðgang skal greitt við undirritun sammings og síðan hálfárslega. Gjaldið er háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi fær í upphafi reikiaðgang að. Skal gjaldið síðan endurreiknað og innheimt hálfárslega, til samræmis við fjölda senda í reiki í upphafi nýs 6 mánaða tímabils. Miðast hálfárslegt lágmarksgjald þannig hverju sinni við þann fjölda senda sem viðsemjandi fær reikiaðgang að við greiðslu lágmarksgjaldsins. Um gjaldtöku vegna nýrra farsímastöðva á hverju hálfárs tímabili sammingsins, fer skv. ákvæðum gr. 3 í viðauka 1.

Innifalið í þessu lágmarksgjaldi er tiltekinn fjöldi talmínútna á ári fyrir hvern sendi í reiki, háð fjölda þeirra, (sjá töflu 1). Viðsemjanda er heimilt að nýta hluta þessara talmínútna til

gagnaflutnings (GPRS eða SMS), að teknu tilliti til mismunandi verðlagningar þessarar þjónustu m.v. tal, sbr. töflu 1 og gr. 4 og 5 í viðauka 1). Innifaldar talmínútur eru bundnar viðkomandi sendi. Þannig verða vannýttar innifaldar talmínútur á einum sendi ekki nýttar sem inneign á öðrum sendi.

Verði notkun viðsemjanda umfram innifaldar talmínútur á einhverjum sendum, skal hann greiða Símanum, skv. verðskrá í töflu 1, fyrir þá notkun sem umfram er.

Mínútagjaldið fyrir umfram notkun tekur breytingum og er háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi hefur reikiaðgang að hjá Símanum á hverjum tíma, sbr. nánari ákvæði í gr. 3.3. og töflu 1.

Tafla 1

Fjöldi senda	30-65	66-100	101-200
Grunngjald pr.sendi á ári	450.000	350.000	300.000
Innifaldar mínútur á ári pr. sendi	53.226	46.386	42.857
Mínútuverð umfram, innifalda notkun	9,20	8,20	7,70

Umferð sem ekki er hægt að tengja við ákveðinn sendi í reiki, skal reikningsfærð á því einingarverði sem gildir um umframnotkun. Þetta á t.d. við um umferð sem verður til við slitlaust reiki.

2.3 Mínútuverð.

Verðið er háð fjölda þeirra senda sem viðsemjandi fær í upphafi reikiaðgang að (sjá töflu 2). Skal mínútuverðið síðan endurreiknað hálfárslega, til samræmis við fjölda senda í reiki í upphafi nýs 6 mánaða tímabils.

Mínútuverð fyrir reiki hvort sem er út úr reikisvæði (e. origination) eða inn í reikisvæði (e. termination), skal vera samkvæmt verðskrá í töflu 2.

Tafla 2

Fjöldi senda	30-65	66-100	101-200
Mínútuverð	9,20	8,20	7,70

4.2 Önnur ákvæði í viðauka 1.

4.3 4 GPRS/EDGE reiki

„Verð fyrir GPRS/EDGE reiki, hvort sem er út úr reikisvæði (e. origination) eða inn í reikisvæði (e. termination) er 110 kr/Mbyte. Viðsemjandi mun kaupa GPRS reiki þjónustu að lágmarki fyrir 300.000 kr. á ári.

Viðsemjandi greiði fyrir undirbúningsvinnu til að koma á GPRS reiki, samkvæmt reikningi.

5. SMS reiki

„Verð fyrir send SMS (Mobile orginated) frá viðskiptavinum viðsemjanda í reiki er kr. 3,85 kr/skilaboð og verð fyrir móttöku á SMS (Mobile terminated) er 3,85 kr/skilaboð.“

6. Samhæfing upplýsingarkerfa

„Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 9. Viðsemjandi greiðir þann kostnað sem Síminn verður fyrir við samhæfingu upplýsingarkerfa.“

7. Kostnaður vegna breytinga

„Ef viðsemjandi óskar eftir breytingum á reiki þjónustu Símans þá áskilur Síminn sér rétt að innheimta kostnað sem af þeim breytingum hlýst skv. reikningi.“

8. Slitlaust reiki

„Nú óskar viðsemjandi eftir slitlausu reiki og skal hann þá greiða kostnað Símans við að koma því á samkvæmt reikningi.“

4.3.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone er mótmælt skilyrðum í viðauka 1 um að viðsemjandi beri allan kostnað, þ.á.m. að viðsemjandi verði einn látinn bera kostnað við að samhæfa upplýsingakerfi og kostnað vegna breytinga á reikiþjónustu Símans, sbr. 6. og 7. liður. Telur Vodafone að þrátt fyrir að Síminn líti á aðgang fyrir innanlandsreiki eingöngu sem kvöð þá sé alveg ljóst að Síminn hagnist verulega á því að selja aðgang fyrir innanlandsreiki og geti með því fengið meira út úr kerfum sínum en ella. Í ljósi þess sé alveg fráleitt að viðsemjandi sé látinn bera allan kostnað við þá vinnu sem felst í að veita aðganginn.

Í athugasemdum Vodafone er einnig vikið að slitlausu reiki, telur fyrirtækið að þjónusta við að veita slitlaust reiki sé hluti af reikiþjónustunni sem greitt er fyrir með mínútuverðum og því beri viðsemjanda ekki að greiða aukalega fyrir þessa þjónustu. Þá mótmælir fyrirtækið því einnig að óska þurfi sérstaklega eftir slitlausu reiki fyrir hverja farsímastöð og viðsemjandi eigi að bera allan kostnað við að koma því á skv. reikningi, sbr. 8. liður í Viðauka 1. og 2. og 3. liður í Viðauka 2

Þá vakti Vodafone athygli á því að þrátt fyrir það að slitlaust reiki sé hluti af núgildandi samningi um innanlandsreiki þá hafi Síminn ekki uppfyllt það ákvæði og krafist þess að Vodafone greiði allan kostnað við að tryggja slitlaust reiki án þess að um það hafi verið samið í samningnum. Hafi fyrirtækið ítrekað bent á þetta í bréfum til Símans að samkvæmt núgildandi samningi sé hvergi gert ráð fyrir að greitt sé fyrir þjónustu við að veita slitlaust reiki.

4.3.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans kemur fram að fyrirtækið hafi byggt upplýsingakerfi eins og tilgreint er í viðmiðunartilboðinu. Til að hægt sé að gera uppgjör á milli fyrirtækjanna og prófanir á virkni á milli kerfa þurfi að leggja vinnu við upplýsingakerfi Símans sem eðlilegt er að viðsemjandi beri kostnað af. Telur Síminn fráleitt að kvöð um reikiaðgang gangi svo langt að Síminn beri kostnað við tengingu annarra fjarskiptafyrirtækja við kerfið.

4.3.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Samhæfing upplýsingarkerfa, kostnaður vegna breytinga o.fl.

Innanlandsreiki er í eðli sínu einhliða samningur í þeim skilningi að á Símann í þessu tilviki er lögð sú kvöð að veita öðrum farsímafyrirtækjum aðgang að farsímaneti sínu með ákveðnum skilmálum. Ekki er því t.d. hægt að öllu leyti að bera innanlandsreiki samninga saman við alþjóðlega reikisamninga sem eru gagnkvæmir í þeim skilningi að fyrirtæki veita hvort öðru aðgang að sínu neti og þá um leið hefur hvert fyrirtæki fyrir sig borið kostnað af því að gera aðganginn mögulegan. Viðsemjendur Símans leggja þ.a.l. ekki út í sambærilegan kostnað sín megin til að gera reikiaðgang Símans virkan.

Þá er einnig til þess að líta að kostnaður við að koma á aðgangi getur verið mismunandi eftir því hver á í hlut og stærð þess svæðis sem viðkomandi fyrirtæki óskar eftir reikiaðgangi að. Í því ljósi er t.d. óeðlilegt að þessi kostnaður sé t.d. settur inn í mínútuverð. Á sama hátt er ómögulegt að gefa einhverja algilda tölu í viðmiðunartilboðinu um umfang þessa kostnaðar sem fallið getur til við að gera innanlandsreiki virkt fyrir hvern viðsemjanda.

Póst- og fjarskiptastofnun telur þ.a.l. eðlilegt að þessi kostnaður sé tekin saman í hverju einstöku tilviki og viðkomandi fyrirtæki sendur reikningur.

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér hins vegar rétt til þess, að kalla eftir útskýringum og forsendum fyrir þeim kostnaði sem Síminn telur að viðsemjendur eigi að bera vegna upplýsingakerfa eða breytinga á reikiþjónustu. Enn fremur hvort verið sé að greiða fyrir hluti eða þjónustu sem ekki fellur undir að koma á reikiaðgangi. Sjá einnig umfjöllun í kafla 2.3.2.

Slitlaust reiki

Hvað varðar þann kostnað sem fellur til við að koma á slitlausu reiki og gerðar eru athugasemdir við af hálfu fjarskiptafyrirtækjanna þá fellst stofnunin ekki á að slitlaust reiki sé hluti af reikiþjónustunni og eigi þ.a.l. að vera innfalið í reikiverðunum. Fyrir því eru færð eftirfarandi rök. Í fyrsta lagi er uppsetning slitlaus reikis sértæk aðgerð fyrir hvert og eitt fyrirtæki. Slitlaust reiki og umfang þess er t.d. ekki það sama í tilfelli Nova eða Vodafone. Af

Því leiðir að kostnaður við að koma því á getur verið mismunandi á milli fyrirtækja. Í öðru lagi er um sameiginlega aðgerð samningsaðila að ræða í þeim skilningi að þau þurfa bæði að aðlaga sín net að slitlausu reiki.

Það að koma á slitlausu reiki verður því alltaf val hvers farsímafyrirtækis fyrir sig um hvort það vilji bjóða viðskiptavinum sínum upp á þessa viðbótarþjónustu þannig að þeir njóti þess hagræðis að símtöl slitni ekki þegar farið er á milli neta samningsaðila.

Með vísun til ofangreinds er ekki ástæða til að taka undir sjónarmið þess efnis að þessum kostnaði skuli skipt á einhvern hátt á milli fyrirtækjanna eða að hann sé innifalinn í reikiverðum. Viðsemjendur skulu því bera allan kostnað sem til fellur við uppsetningu á slitlausu reiki í þeim sendum sem farið verður fram á slíkt

Póst- og fjarskiptastofnun telur hins vegar að orða þurfi með skýrari hætti skyldu Símans til að verða við óskum viðsemjanda um slitlaust reiki á einstökum farsímasendum, jafnframt að eðlilegt sé að kveðið sé á um ákveðin tímamörk sem Síminn hefur til að bregðast við beiðnum um slitlaust reiki.

Orðalag skilmála 8 Slitlaust reiki í viðauka 1, skal því vera eftirfarandi:

Nú óskar viðsemjandi eftir slitlausu reiki og skal hann þá greiða kostnað Símans við að koma því á samkvæmt reikningi. Frá því að formleg beiðni berst frá viðsemjanda um slitlaust reiki á einstökum farsímasendum áskilur Síminn sér að hámarki 4 mánuði til að koma slitlausu reiki í framkvæmd

4.4 Viðauki 2. Tæknileg útfærsla reikis

4.4.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Vodafone bendir á að í viðauka 2 sé fjallað um tæknilega útfærslu reikis, telur fyrirtækið að þarna vanti allar upplýsingar um hver sé tengiliður vegna slíkra útfærslna, hvaða tímarammi sé settur á virkjun nýrra farsímastöðva, hvar viðsemjandi fái upplýsingar um nýjar stöðvar Símans á reikisvæðum og sendistaði.

4.4.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans er ekkert vikið að þessum atriðum.

4.4.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í grein 6.7 í tilboðinu er kveðið á um að hvor aðili fyrir sig tilkynni skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings um innanlandsreiki. Hvað varðar önnur þau atriði sem Vodafone vék að í athugasemdum sínum þá lítur stofnunin svo á að Símanum beri að veita öðrum fyrirtækjum aðgang að nýjum stöðvum um leið og þær eru teknar í almenna notkun af hálfu Símans. Þessi regla kemur beinlínis fram í grein 5 í viðaukanum þar sem segir að miðað sé við að allar nýjar farsímastöðvar sem Síminn kann að setja upp og falla innan reikisvæða verði almennt hluti af samningnum. Þá er einnig tiltekið í sömu grein að semja þurfi sérstaklega um undanþágur frá

þessari reglu. Í ljósi þessa verður ekki séð að þörf sé á sérstökum tímaramma við virkjun nýrra farsímastöðva.

4.5 Viðauka 3. Listi yfir farsímastöðvar á reikisvæði

4.5.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone við viðauka 3 taldi fyrirtækið að fram þyrftu að koma ítarlegri upplýsingar um staðsetningar farsímastöðva og högun þeirra senda sem boðið er upp á reiki á. Einnig þyrfti að koma fram í lista GPRS staðsetning senda og stefnur loftneta, þ.e. sendiátt sellanna.

4.5.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans er ekkert vikið að þeim atriðum sem Vodafone bendir á.

4.5.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Vísað er til umfjöllunar í kafla 2.2.2. þar sem fjallað er m.a. um að Símanum sé ekki heimilt að undanskilja höfuðborgarsvæðið frá skyldu til reikisvæðis. Með vísun til þess sem þar kemur fram er mynd 1 felld út úr viðmiðunartilboðinu. Hvað varðar önnur þau atriði sem Vodafone nefnir í athugasemdum sínum þá er ekki ástæða að svo stöddu að kveðið sé á um þessar upplýsingar í tilboðinu.

4.6 Viðauki 6. Áætlanir

„1 Almenn

1.1. Áætlanir um nýjar farsímastöðvar

Viðsemjandi skal gera árlegar áætlanir og tilkynna Símanum með a.m.k. 4 mánaða fyrirvara um uppbyggingu nýrra farsímastöðva sem eru innan reikisvæðis Símans, eða hafa þjónustusvæði sem skarast við reikisvæði Símans. Tilkoma slíkra farsímastöðva viðsemjanda leiðir til endurskoðunar á verðskrá Símans fyrir reiki., sbr. ákvæði í gr. 3.3.

1.2. Áætlanir um reikiumferð

Viðsemjandi skal gera áætlun um reikiumferð og afhenda Símanum fyrir 1. október ár hvert. Áætlunin skal gerð fyrir hverja stöð fyrir sig. Áætlunin skal segja til um hámark fjölda tengdra notenda og heildar umferð um hverja stöð í hverjum mánuði. Berist Símanum ekki slík áætlun er litið svo á að ekki sé um breytingar á reikiumferð viðsemjanda að ræða.

1.3. Viðurlög og frávik frá áætlunum

Áætlanir um reikiumferð skulu bornar saman við raunverulega reikiumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.

Ef reikiumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.

Ef frávik frá áætlunum um aðra reikiþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.

Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.“

4.6.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Vodafone mótmælir því fyrirkomulagi sem fram kemur í viðaukanum. Telur Vodafone að upplýsingar um uppbyggingaráætlanir varði mikilvægar fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja sem eðlilegt sé að halda leyndum. Einu upplýsingarnar sem viðsemjandi á að vera skyldugur til að veita séu tilkynningar um uppsögn eða breytingar á reikisvæði.

4.6.2 Sjónarmið Símans

Í athugasemdum Símans kemur fram að fyrirtækið telur mikilvægt að hafa góðan fyrirvara varðandi upplýsingar um breytingar á reikiaðgangi til að geta aðlagð kerfi Símans að óskum viðsemjanda, bæði til fjölgunar og fækkunar á farsímastöðvum í reiki. Upplýsingar um þróun á aðgangi að reiki séu einnig mikilvægar svo að tryggt sé að kerfið hafi þá afkastagetu sem til þarf. Síminn þurfi að undirbúa fjárfestingar til stækkunar með löngum fyrirvara m.a. vegna innkaupa búnaðar og skipulagningar á uppsetningu. Ef þessar upplýsingar skortir geti það leitt til verulegs umframkostnaðar fyrir Símann sem óeðlilegt sé að Síminn þurfi að bera í ljósi þeirra kvaða sem á honum hvíla. Telur Síminn að fjórir mánuðir séu hófleg krafa og fyllilega eðlileg.

4.6.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í grein 1.1. í viðaukanum er kveðið á um skyldu viðsemjanda til að tilkynna Símanum um breytingar á reikisvæðum með a.m.k. fjögurra mánaða fyrirvara. Um sama frest er að ræða og kveðið er á um í grein 3.3. í almenna hlutanum. Telja verður eðlilegt að Síminn fái upplýsingar um breytingar á heimasvæðum sem áhrif hafa á stærð reikisvæðis með hæfilegum fyrirvara m.a. til að koma í veg fyrir hugsanlegan umframkostnað í kerfinu vegna rangra áætlana sem og til að koma í veg fyrir hugsanlega truflunarhættu.

Í skilmála 2.1. er kveðið á um skyldu viðsemjanda til að gera áætlun fyrir reikiumferð og skal áætlun gerð fyrir hverja stöð fyrir sig. Í áætlun skal sagt fyrir um fjölda tengdra notenda sem og heildarumferð um hverja stöð í hverjum mánuði.

Póst- og fjarskiptastofnun er ljóst það hagræði sem felst í góðri áætlanagerð sem leið til að draga úr kostnaði Símans og að fyrirtækið geti stillt upp sínu farsímaneti með hliðsjón af þeirri umferð sem áætlað er að fari um kerfið m.a. frá viðsemjendum sem hafa reikisamning við Símann. Hins vegar má ljóst vera að erfitt getur verið fyrir nýjan aðila á markaði að gera nákvæmar áætlanir um áætlaða notkun viðskiptavina sinna á þeim sendum/svæðum sem viðsemjandi er með í reiki. Póst- og fjarskiptastofnun telur þess vegna nauðsynlegt að til viðbótar sé einnig kveðið á um það í skilmála að áætlanir séu endurskoðaðar í ljósi reynslunnar. Á það sérstaklega við fyrir þá viðsemjendur sem þurfa að skila inn áætlunum fyrir umferð á hverjum sendi fyrir sig. Ef viðsemjendur eiga að geta skilað inn raunhæfum

áætlunum er nauðsynlegt að Síminn láti þeim í té upplýsingar um raunnotkun á hverjum sendi fyrir sig fyrir líðandi ár. Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun að þeir viðsemjendur sem kjósa að gera samning um reiki á grundvelli þess sem fram kemur í skilmála 2.3 í viðauka 1. (eftir breytingu) að þeir séu einungis skyldaðir til að gefa upp áætlaðan heildarfjölda mínútna. (Sjá einnig umfjöllun í kafla 3.8.2. í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2007)

Með vísun til ofangreinds skal skilmáli 1.2. Áætlanir um reikiumferð, orðast svo:

Viðsemjandi skal gera áætlun um reikiumferð og afhenda Símanum fyrir 1. október ár hvert. Áætlunin skal gerð fyrir hverja stöð fyrir sig. Áætlunin skal segja til um hámark fjölda tengdra notenda og heildar umferð um hverja stöð í hverjum mánuði. Síminn mun láta viðsemjanda í té upplýsingar um raunnotkun á hverjum sendi fyrir fyrstu 6 mánuði ársins.

Þeir viðsemjendur sem velja leið 2.3. í viðauka 1 skulu að lágmarki skila inn áætlunum um heildarfjölda mínútna í reiki.

Berist Símanum ekki slík áætlun er litið svo á að ekki sé um breytingar á reikiumferð viðsemjanda að ræða frá fyrra ári.

Skilmáli 1.3. viðurlög og frávik frá áætlunum, skal orðast með eftirfarandi hætti:

Áætlanir um reikiumferð skulu bornar saman við raunverulega reikiumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda. Samningsaðilar skulu að lágmarki hittast tvisvar á ári þar sem ætlanir viðsemjanda er metnar í ljósi reynslunnar.

Ef reikiumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

Ef frávik frá áætlunum um aðra reikiþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.“

4.7 Viðauki 10. Reiki á farsímastöðvum settum upp fyrir Fjarskiptasjóð

4.7.1 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja

Í athugasemdum Vodafone er vikið að viðauka 10 sem fjallar um reiki á farsímastöðvum sem settar eru upp fyrir fjarskiptasjóð. Í viðsukanum komi fram að verðlagning símtala miðist við gildandi samtengiverð fyrir lúkningu símtala í GSM neti Símans. Vodafone sé kunnugt um að í útboðslýsingu á umræddu verkefni hafi verið gert ráð fyrir að verð fyrir reiki væri ekki hærra en gildandi lúkningarverð. Telur Vodafone að með þessu hafi átt að tryggja að að reikiverðið í þessum sendum væri aldrei hærra en gildandi lúkningarverð enda verði að telja að það sé eðlilegt viðmið. Vodafone telja að með þessu hafi hins vegar ekki verið veitt heimild til að

ákveða að reikiverðið í þessum sendum væri það sama og gildandi lúkningarverð án tillits til kostnaðar.

Telur Vodafone að nauðsynlegt sé að Síminn sýni fram á undirliggjandi kostnað fyrir framangreindum kröfum.

4.7.2 Sjónarmið Símans

Vegna þeirra athugasemda sem gerðar voru vegna verðlagningar á reiki í sendum sem settir hafa verið upp á vegum fjarskiptasjóðs, þá vísaði Síminn í eftirfarandi útboðsskilmála fjarskiptasjóðs vegna þjóðvegaverkefni I, þar segir:

„Verðlagning seljanda á reikisímtölum í heildsölu.

Verðlagning símtala skal miðast við það samtengiverð fyrir lúkningu (termination) símtala í GSM neti seljanda sem í gildi er hverju sinni. Verðið skal einnig gilda fyrir upphaf (origination) símtala á sendum sem styrktir eru af kaupenda.

Ef símtal á bæði upphaf og endi á sendum sem kaupandi styrkir uppbyggingu á má seljandi að hámarki innheimta tvöfalt það gjald sem gildir fyrir lúkningu símtala.

Verð fyrir sérþjónustu skal vera í samræmi við það sem tíðkast á markaði og í samræmi við ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar í þeim efnunum.“

Telur Síminn að fyrirtækið sé bundið af tilvitnuðum útboðsskilmálum og geti því hvorki hækkað né lækkað verð á símtölum sem fara um senda sem settir hafa verið upp á grundvelli samnings við fjarskiptasjóð um þjóðvegaverkefni I.

4.7.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Ein af forsendum þess að ríkið styrkti uppbyggingu farsímakerfisins var sú að talið var að farsímafyrirtækin myndu ekki byggja um net á þessum stöðum vegna markaðsaðstæðna, þ.e. að hugsanlegar tekjur af símtölum yrði langtum minni en kostnaður við uppbyggingu.

Til að gæta hagsmuna þeirra fyrirtækja sem rétt eiga á að fá reikiaðgang að þessum tilteknu sendum var kveðið á um það í útboðsgögnum að verðlagning símtala í reiki miðast við samtengiverð á hverjum tíma. Við tilboðsgerð samkvæmt útboðsgögnum hafa fyrirtæki væntanlega tekið mið af þessari verðlagningu. Í ljósi þess sér Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við verðlagningu á reiki á þeim sendum sem settir voru upp á vegum fjarskiptasjóðs af hálfu Símans. Enda verður ekki annað séð en að sú verðlagning sé í samræmi við skilmála útboðsins.

Ákvörðunarorð

Því er hafnað að Síminn hafi með samkomulagi sínu við Nova myndað grundvöll að efni viðmiðunartilboðs um reiki í frjálsum samningum við önnur farsímafyrirtæki. Ber Póst- og

fjarskiptastofnun skylda til að gefa hagsmunadilum kost á að tjá sig um efni viðmiðunartilboðsins áður en hún tekur afstöðu til þess.

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir viðmiðunartilboð Símans hf. kt. 500269-6779, um innanlandsreiki, dags. 16.10.2007, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar

Reykjavík 9. júlí 2008

Björn Geirsson f.h. forstjóra

Friðrik Pétursson